



**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um leit að þjóðlegum gildum með lopapeysufári og lifrarpýlsuáti. **13**



**MENNING** Bubbi Morthens talaði opinskátt um Guðmundar- og Geirfinnsmálið árið 1983. **30**



**SPORT** Ísland tryggði sér sæti á EM í Danmörku með góðum sigri á Slóveníu í Laugardalshöllinni í gær. **24**

**LÆKKUM VERÐ**



Sjá auglýsingu á blaðsíðu 5

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. apríl 2013  
81. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Þriðjungur tryggur

Rúmlega tveir af hverjum þremur kjósendum Samfylkingarinnar og VG í síðustu kosningum ætla að kjósa aðra flokka samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. **4**

**Skák frá fyrsta degi** Nefnd ráðherra vill innleiða skákkennslu í grunnskólum. Skólastjórnendur eru jákvæðir. **2**

**Börn dóu í loftárás NATO** Ellefu börn á aldrinum eins til tólf ára létu lífið í loftárás NATO í Afganistan. **8**

**Vill ræða næturveiði** Þjóðgarðsvörður vill ræða við veiðimenn um bann við næturveiði í Þingvallavatni. **10**

# Sjóðandi heitt vatn setur menn og dýr í stórhættu

Hitaveitulagnir OR á Vesturlandi eru úr sér gengnar. Hestur drapst þegar hann lenti í sjóðheitu dýi á Varmalæk. Í Skorradal fer lögnin í sundur einu sinni til tvisvar í mánuði. Fjárhagserfiðleikar OR hægja á endurnýjun.

**ÖRYGGISMÁL** Hluti af hitaveitulögnum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í Skorradal er úr sér genginn og skapar stórhættu fyrir menn og dýr. Ein lögnin fór sundur í gær með þeim afleiðingum að þúsundir lítra af 90 gráðu heitu vatni láku út og mynduðu stóra tjörn. Sumarbústaðaeigendur á svæðinu, sem blaðið ræddi við, eru afar óánægðir og telja OR draga lappirnar í málinu.

Áð sögn Péturs Davíðssonar, sem situr í hreppsnefnd Skorradals, fer lögnin í sundur einu sinni til tvisvar í mánuði.

Þegar veitunni var komið á fót,

árið 1996, var hún lögð í plastr. Orkuveitan hóf endurnýjun á rörum árið 2007 en hefur aðeins náð að skipta út rúmunum helmingi þeirra.

Hitaveitulagnir OR sem liggja úr Deildatunguhver í Reykholtssdal yfir í Borgarnes eru einnig löngu komnar á tíma. Þær voru lagðar fyrir 33 árum og áttu þá að duga í tuttugu ár.

„Ég er búinn að þrýsta á Orkuveituna sem hefur brugðist við og endurnýjað hluta lagnarinnar en ég tel að það sé enn mikil hættu fyrir hendi,“ segir Sigurður Jakobsson, bóndi á Varmalæk.

Gamla lögnin var að mestu leyti

yfirbyggð en á 300-400 metra kafla er hún enn niðurgráfin. Að sögn Sigurðar stafar mikil hættu á þeim hluta enda er hann aðeins um fimm-tíu metra frá bæjardyrnum.

Lögnin hefur farið fjórum sinnum í sundur á síðustu tveimur árum. Í eitt skiptið lenti hross, sem Sigurður var að geyma fyrir mág sinn, ofan í sjóðheitu dýi sem hafði myndast og drapst.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir hættu vissulega skapast þegar hitaveituaðar gefi sig. Unnið sé að endurnýjun á báðum þessum lögnum, um 20 millj-

„Þó það sé búið að girða svæðið af held ég að krakkar og aðrir geti engu að síður farið sér að voða á þessu svæði ef lögnin bilar“

Sigurður Jakobsson, bóndi á Varmalæk

ónir króna fari í lagnirnar í Skorradal á næstu tveimur árum og um 80 milljónir í Deildartungu á þessu ári.

„Það verður að segjast eins og er að fjárhagserfiðleikar hafa hægt á þessari nauðsynlegu endurnýjun.“ segir Eiríkur.

- kh



|                |    |   |
|----------------|----|---|
| Bolungarvík    | 0° | 3 |
| Akureyri       | 0° | 1 |
| Egilsstaðir    | 0° | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | 3 |
| Reykjavík      | 4° | 2 |

**Hægvíðri** í dag verður hæg NA- eða breytileg átt, síst allra syðst. Stöku snjó eða slyðuél norðvestantil en annars bjart með köflum og úrkomulítið. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



30 ÁRA AFMÆLISSÝNING Meðlimir Perlunnar uppi á sviði í Borgarleikhúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikhópurinn Perlan 30 ára:

## „Gaman að sjá þau blómstra“

**LEIKLIST** Leikhópurinn Perlan hélt vel heppnaða sýningu á Nýja sviði Borgarleikhússins í gær í tilefni þrjátíu ára afmælis síns.

Tvö verk voru frumflutt, eða Ungi litli og Barn, Bjöllukórinn kom í heimsókn og einnig söngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson. Látinna Perlufélaga var jafnframt minnst en hópinn skipa fatlaðir einstaklingar.

Aðspurð segir Sigríður Eyþórsdóttir, leikstjóri og umsjónarmaður Perlunnar, mjög gefandi að vinna með hópnum. „Sem gömul leikkona held ég að þetta sé hlutverkið mitt í lífinu. Það er voða gaman að sjá þau blómstra. Þarna er ekki bara verið að búa til leikara heldur styrkir þetta sjálfsmyndina og sjálfstraustið,“ segir hún.

Alls skipa tíu manns leikhópurinn Perluna.

- fb

Landgræðslan kærir úrskurð nefndar sem heimilaði beit á Almenninum:

## Bitist um beit í skógi við Þórsmörk

**LANDVERND** Landgræðsla ríkisins, ásamt öðrum, hyggst kæra nýlegan úrskurð sem veitir bændum heimild til að beita fé á birkiskóg í Almenninum nærri Þórsmörk. Birkiskógurinn hefur verið friðaður og í uppgræðslu frá árinu 1990.

Ítlunefnd, sem gefur út mat á hversu margt fé afréttur þolir, veitti bændum með upprekstrarétt heimild til að beita þar allt að 390 fjár.

Sveinn Runólfsson landgræðslu-

stjóri var einn þriggja nefndarmanna í ítlunefnd og skilaði hann séráliti um málið. Þar segir hann það vega þynnst að dreifið gróðursvæði á afréttinum verði iðulega fyrir skakkaföllum í öskufalli.

Hann segir einnig afar brýnt að stuðla að öflugum birki- og víðigróðri sem víðast á afréttinum til að hindra öskufok. Það sé hins vegar ekki hægt samhliða beit á afréttinum sem er í nokkurri hæð.

- mlþ / sjá síðu 6

„Þetta snýst um að reka fé eingöngu til að tryggja afréttareign og með því skaða hugsanlega áratuga langa gróðurframvindu. Það er algjörlega ótækt.“

Hreinn Óskarsson, skógarvörður hjá Skógrækt ríkisins

## MILT MOCCA OG KÓKOS-BOOST

- 1 lítið Hreint Skyr.is
- 0,5 dl sterkt kaffi
- 1 dl kókosmjólk
- ½ litill banani
- 6-8 ísmolar



www.skyr.is


## ÞINN DAGLEGI

fróosh  
fruit: bottled



Enginn sykurl  
Engin aukaefti

Hver flaska af fróosh inniheldur 100% ferska ávexti!



Verjum Mývatn  
Enga Bjarnarflagsvirkjun

Náttúruverndarsamtök Íslands

## SPURNING DAGSINS



Henný, er súrt að horfa upp á þessa hækkun?

„Já, neytendur geta ekki sætt sig við hana.“

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, segir að mögulegt sé að nýr sykurskattur sé notaður sem afsökun fyrir almennum verðhækkunum í verslunum.

Meindýraeyðir segir forvarnastarf borgarinnar þegar farið að skila sér í fækkun:

## Minna um rottur og mink í Reykjavík

**DÝRALÍF** Minna er um mink á höfuðborgarsvæðinu nú en áður að sögn Þráins Sveinssonar, meindýraeyðis hjá Reykjavíkurborg. Þó eru tugir minka dreppir í Reykjavík og nágrenni á ári hverju.

„Þetta er bara partur af náttúrunni, fólk þarf ekkert að vera hissa á því, ekkert frekar en að lóan komi,“ segir meindýraeyðirinn.

Að sögn Þráins hefur minkurinn enga hættu í för með sér fyrir menn og dýr. „Ekki nema að það sé farið að abba eitthvað upp á þá, þá bíta þeir og verja sig eins og aðrar skepnur.“

Minkar sjást helst meðfram ám og vötnum. „Það er



eitthvað um að þeir sjáist við Elliðaár og Elliðavatn og Korpu og þeir koma hérna niður að sjó. Þar sem er fiskur og æti þar er minkurinn.“ Rottuútköllum hefur einnig fækkað og segir Þráinn að það megi að einhverju leyti rekja til forvarnastarfs sem hefur verið unnið á vegum borgarinnar. „Þá setjum við eitru í brunna fyrir rottur og leggjum gildirur fyrir minkana. Það er alltaf eitthvað um rottur en þær koma til dæmis upp ef drenlagnir eru bilaðar hjá fólki. Þó að við séum kannski ekki sjálfir að drepa mikið af rottum þá er mikill fjöldi sem dreppst af okkar völdum með eitru.“

Sjái fólk til minks hringir það á meindýraeyði. „Þá mætum við og leitum hann uppi. Við erum með hunda sem vísa okkur á hvar þeir eru. Við erum síðan með haglaskambyssu og drepum þá með þeim.“

Að sögn Þráins kemur það fyrir að meindýraeyðar þurfi einnig að farga kaninum. Það telst þó til undantekninga þar sem þær eru friðaðar. -hó

### Dyttað að dallinum



**BERGUR Í SLIPPNUM** Starfsmenn í Slippnum í Reykjavík eru nú í óða önn að mála skuttogarann Berg VE-44 frá Vestmannaeyjum. Bergur var tekinn upp í andlitslyftingu í síðustu viku, en Grétar Þór Sævaldsson skipstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að Bergur verði kominn á flot eftir nokkra daga, en eftir það taki við minniháttar vélaviðhald.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Lést í bílslysi á Akrafjallsvegi

Stúlkan sem lést í bílslysi á Akrafjallsvegi skammt norðan Hvalfjarðarganga í fyrrinótt hét Lovísa Hrund Svavarsdóttir.

Lovísa var fædd 5. október árið 1995 og því 17 ára gömul. Hún var búsett á Akranesi og nemandi í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Foreldrar hennar eru Svavar Skarphéðinn Guðmundsson og Hrönn Ásgeirsdóttir.



### LÖGREGLUMÁL

#### Rán í Kópavogi

Tilkynnt var um rán í Kópavogi á laugardagskvöld. Ræninginn ógnaði pitsusendli með hnífi og hafði á brott með sér farsíma, skiptimynt og pitsur í hitakössum.

#### Fjórir kærðir fyrir ölvun

Fjórir ökumenn voru kærðir fyrir ölvun við akstur á Stór-Reykjavíkursvæðinu á laugardagskvöld og tveir aðrir ökumenn voru stöðvaðir við akstur þar sem þeir höfðu neytt áfengis en voru undir refsímörkum.

#### Sparkaði í höfuð manns

Tilkynnt var um líkamsárás við veitingahús í miðborginni um fimsmeytið aðfaranótt sunnudags. Var einn handtekinn grunaður um að hafa sparkað í höfuðið á manni. Sá slasaði var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

## Vilja kenna börnum skák frá fyrsta degi

Nefnd ráðherra vill innleiða skákkennslu í grunnskólum. Vill áætlun stjórnvalda um tilraunaverkefni valdra skóla í þrjú ár. Skólastjórnendur eru almennt jákvæðir.

**MENNTAMÁL** Sterk rök hníga að því að taka upp skákkennslu í grunnskólum landsins sem hluta af fastri stundaskrá. Könnun meðal skólastjórnenda sýnir að 97% þeirra vilja taka þátt í tilraunaverkefni sem myndi innleiða kerfisbundna skákkennslu fyrir yngstu börnin inn í skólastarfið.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu nefndar sem Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skipaði í byrjun árs.

Helstu rökinn sem nefnd er í skýrslunni fyrir því að taka upp skipulega skákkennslu í skólum eru uppeldisleg. Rannsóknir sýni að nemendur sem fá reglubundna skákkennslu verði námfúsari, hegði sér betur og öðlist meira sjálfstraust. Könnun nefndarinnar sýndi að skák er hluti af skólastarfinu í 73% grunnskóla. Sú iðkun er með ýmsu móti. Það sem stendur frekari skákkennslu fyrir þrífum er helst skortur á þjálfuðum kennurum og ekki síður að námsefni vantar, er mat skólastjórnenda.

Stefán Baldursson, skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins, starfaði með nefndinni. Hann segir að stefnt sé að fundi með ráðherra um niðurstöður nefndarinnar og framhald málsins innan ráðuneytisins, þar á meðal verður kostnaður greindur.

Nefndina skipuðu þekktir skákmeistarar og aðrir velunnarar skákkennslarinnar. Við spurningunni hvort niðurstaða nefndarinnar, jákvæðni hennar gagnvart skákkennslu í skólum, mótist ekki af skákáhuga nefndarmanna segir Stefán að vissulega sé ýmislegt annað í gangi í skólastarfinu sem sé jákvætt og verð-



**FJÖR** Sannað þykir að bæta megi skólastarf með markvissri skákiðkun í skólum.

MYNDI/HRAFNI JÓKULSSON

### Tilraunaverkefni hefjist næsta haust

- Nefndin leggur til að frá og með komandi hausti verði valdir tilteknir skólar af mismunandi stærð og gerð þar sem skákkennsla verði kerfisbundið innleidd í stundaskrá skólanna og kennd af kennurum skólans.

- Verkefnið gangi út frá því að hefja skipulega kennslu strax í 1. bekk og að henni sé fylgt eftir í þrjú ár hið minnsta, út 3. bekk.

- Við kennslu yngstu barna fylgir einnig sá kostur að viðkomandi grunnskólakennarar þurfa nær ekkert að vita um skák til að geta þó verið öflugir skákkennarar—það eitt að kunna mannganginn er nóg til að gera skák að lifandi leik í skólastofunni.

skuldi athygli. „En þetta skýrist af reynslu víða um heim þar sem skólafyrirvöld eru að taka skákina upp í skólunum af ýmsum uppeldislegum ástæðum.“

Hér vísar Stefán til þess að til umræðu er innan Evrópusambandsins og hjá Evrópuþinginu að taka skák kerfisbundið upp sem fag í skólum vegna árangurs sem skipuleg skákkennsla og skákiðkun er talin gefa í skólastarfi. Víða utan Evrópusambandsins, í ríkjum þar

sem er mikil skákhefð, hefur skipuleg skákkennsla þegar verið tekin upp á undanförunum árum. Efnislega eru niðurstöður nefndarinnar þær sömu og annarrar nefndar með sama hlutverk, sem skipuð var af þáverandi menntamálaráðherra árið 2007. Stefán játar því að hrundi haustið 2008 hafi haft mikið með það að gera að lítið varð úr verki, en nefndarstarfið núna sé einnig svar við því hversu verkefnið stóð stutt í fyrra skiptið. svavar@frettabladid.is

Formaður herforingjaráðs Bandaríkjanna tekur enga áhættu vegna N-Kóreu:

## Eldflaugavarnirnar styrktar

**AFGANISTAN, AP** Martin Dempsey, formaður herforingjaráðs Bandaríkjanna, segir að varnarmálaráðuneyti landsins, Pentagon, hafi styrkt eldflaugavarnir sínar og gripið til fleiri ráðstafana vegna þess að hann „getur ekki tekið áhættuna“ á því að Norður-Kórea efni ekki til hernaðaraðgerða.

Eftir margra vikna hótanir um að refsa Suður-Kóreu og Bandaríkjunum fyrir sameiginlegar heræfingar sínar, hafa yfirvöld í Norður-Kóreu sagt öðrum þjóðum að erfitt verði að tryggja öryggi diplómata í höfuðborg landsins Pjongjang frá og með næsta miðvikudegi.

Dempsey, sem var að ljúka heimsókn sinni til Afganistans, var spurður hvort hann sæi fyrir sér að Norður-Kórea myndi grípa til vopna á næstunni. „Nei, en ég get ekki tekið áhættuna á því að þeir geri það ekki,“ sagði hann.

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, segir að ummæli Norður-Kóreu um diplómata séu dæmigerð fyrir stjórnhöld sem nota möguleikann á utanaðkomandi ógn til að réttlæta aukinn vígbúnað fyrir almenningi. „Ég hef ekki séð



**HERFORINGJAR** Jung Seung-jo, formaður herforingjaráðs Suður-Kóreu, ásamt kollega sínum Martin Dempsey fyrir fund sem þeir áttu fyrir tveimur árum.

NORDICPHOTOS/GETTY

neina þörf til að bregðast við þessu með því að flytja diplómata okkar þar í burtu,“ sagði Hague við BBC. -fb



**VIÐ HÖFUM ...**

... þrefaldað nýsköpunarsjóð námsmanna

STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR  
10. SÆTI REYKJAVÍKURKJÖRDEMI SUBUR

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



VINSTRI GRÆN

## Performer

JS Watch co. Reykjavík  
og Gilbert úrsmiður kynna

**JETHRO TULL'S  
IAN ANDERSON FLYTUR**

# BEST OF JETHRO TULL



Pekktustu lögin úr 45 ára sögu Jethro Tull verða flutt. Aqualung, Locomotive Breath, Bouree, Budapest, Living in the Past og fleiri perlur munu fá að hljóma í þessari einstöku tónleikaferð um landið.

**MÍÐASALA HEFST Á MIÐVIKUDAGINN KL: 12:00**  
**Á MIDI.IS, HARPA.IS OG MENNINGARHUS.IS**  
**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!**  
**SÍÐAST SELDIST UPP Á 7 MÍNÚTUM**

Föstudag 7. júní - Hof, Akureyri  
Laugardag 8. júní - Höllin, Vestmannaeyjum  
Sunnudag 9. júní - Eldborg, Harpa Reykjavík

*JS Watch co.*  
REYKJAVÍK

**performer**

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR

Miðasala á [midi.is](http://midi.is), [menningarhus.is](http://menningarhus.is) og [harpa.is](http://harpa.is). Miðasölusími Hörpu er 528 5050 og á Hof 450 1000.

**GENGIÐ**  
05.04.2013

|  |                 |        |        |
|--|-----------------|--------|--------|
|  | Bandaríkjadalur | 120,65 | 121,23 |
|  | Sterlingspund   | 183,67 | 184,57 |
|  | Evra            | 155,86 | 156,74 |
|  | Dönsk króna     | 20,904 | 21,026 |
|  | Norsk króna     | 20,912 | 21,036 |
|  | Sænsk króna     | 18,573 | 18,681 |
|  | Japanskt jen    | 1,2560 | 1,2634 |
|  | SDR             | 181,08 | 182,16 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
213,662

Sinnaskipti hjá yfirvöldum í Lúxemborg um upplýsingagjöf um innistæður:

# Lúxemborg hlynt opnara bankakerfi

**LÚXEMBOURG, AP** Stjórnvöld í Lúxemborg hafa opnað á möguleikann á því að auka gagnsæi í fjármálakerfi landsins, og styrkja samvinnu við erlend skattayfirvöld og sjálfvirka upplýsingagjöf um innistæður í bönkum. „Ólíkt því sem áður var, erum við ekki lengur alfarið mótfallin slíkum hugmyndum,“ sagði Luc Frieden, fjármálaráðherra Lúxemborgar, í samtali við þýskt dagblað í gær. „Við erum hlynt auknu samstarfi við erlend skattayfirvöld.“

Þetta eru talsverð viðbrigði þar sem Lúxemborg hefur hingað til staðið vörð um banka- leynd þrátt fyrir háværan orðróm um að þangað

leiti auðmenn og fyrirtæki með fjármuni til að forðast að greiða af þeim skatta.

Þessi sinnaskipti eru talin tengjast upplýstrunum um eigendur fjármuna í skattaskjólum, en auk þess hefur þrýstingur frá öðrum ríkjum aukist, en þar á meðal er Þýskaland sem leggur mikið upp úr því að fá upplýsingar um innistæður þýskra skattgreiðenda.


Lúxemborg er ríkasta ESB-ríkið, miðað við höfðatölu, en fjármálakerfið þar er um það bil 22 sinnum stærra en sem nemur árlegri landsframleiðslu. Þar er 141 banki með bækistöðvar, en einungis fimm þeirra eru innlendir. - þj



**SINNASKIPTI** Luc Frieden, fjármálaráðherra Lúxemborgar, opnaði í gær á aukna upplýsingagjöf um bankainnistæður útlendinga þar í landi. NORDICPHOTOS/IAFP

**2013**  
**HVERT FER FYLGID?**

Fylgi flokka í kosningunum 2009



# Þriðjungur tryggur stjórnarflokkum

Rúmlega tveir af hverjum þremur kjósendum Samfylkingarinnar og VG í síðustu kosningum ætla að kjósa aðra flokka samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Nær helmingur Sjálfstæðismanna leitar á ný mið en Framsóknarmenn halda tryggð við sinn flokk.

Aðeins þriðjungur þeirra sem kusu annan hvorn stjórnarflokkinn í síðustu kosningum ætla að kjósa sama flokk í komandi þingkosningum, samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Fylgi flokkanna hefur verið á mikilli hreyfingu síðustu vikur og mánuði. Algengt er að 30 til 40 prósent kjósenda færi sig á milli flokka milli kosninga, en nú má sjá mun meiri hreyfingu hjá sumum

flokkum og minni hjá öðrum.

Þeir kjósendur sem studdu Framsóknarflokkinn í síðustu kosningum virðast trúastir sínum flokki. Alls ætla 84,9 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast að gera það aftur núna. Af þeim sem ætla að leita á önnur mið eru langsamlega flestir, um 9,4 prósent, sem ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Nær helmingur þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kos-

ningum er líklegur til að kjósa aðra flokka í komandi þingkosningum. Alls sögðust 53,4 prósent þeirra sem kusu flokkinn síðast ætla að gera það aftur. Athygli vekur að þorri þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn síðast, 40,5 prósent, styður Framsóknarflokkinn í dag.

Tæpur þriðjungur þeirra sem kusu Samfylkinguna í síðustu kosningum, 32,6 prósent, myndi kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt könnun

Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningsmenn flokksins í síðustu kosningum dreifast nokkuð víða nú. Um 22,5 prósent styðja Framsóknarflokkinn, 13,5 prósent Bjarta framtíð og níu prósent Lýðræðisvaktina.

Aðeins þriðjungur þeirra sem studdu Vinstri græn í kosningunum 2009 myndu kjósa flokkinn yrði kosið nú. Um tuttugu prósent styðja Framsóknarflokkinn í dag, um sextán prósent Pírataflokkinn og tíu prósent Bjarta framtíð.

Úrtakið í könnuninni var 1.231 manns en hringt var þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 3. apríl og fimmtudaginn 4. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tók 64,1 prósent afstöðu til spurningar um fylgi við flokka en 67,1 prósent þátttakenda gaf upp hvað þeir kusu síðast.

brjann@frettabladid.is

*Að heyrna er að trúa!*

**ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!**

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi

**Áfram Svalt** í dag má búast við hæglatísveðri um allt land en annað kvöld hversir heldur norðvestantil. Stöku él NV-til í dag en annars úrkomulítið. Á morgun eru horfur á lítilsháttar snjókomu norðantil og síðar éljum en úrkomulítið að mestu S-til.

**Á morgun**  
Hægur vindur en hversir NV-til.

**Miðvikudagur**  
Strekkingur NV-til, annars hægari.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

|              |               |                     |                |              |                   |
|--------------|---------------|---------------------|----------------|--------------|-------------------|
| Alicante 21° | Berlín 9°     | Friedrichshafen 11° | Las Palmas 20° | New York 17° | París 9°          |
| Apena 17°    | Billund 5°    | Gautaborg 4°        | London 9°      | Orlando 28°  | San Francisco 17° |
| Basel 9°     | Frankfurt 12° | Kaupmannahöfn 4°    | Mallorca 19°   | Ósló 2°      | Stokkhólmur 1°    |



CHEVROLET

STYRKING KRÓNUNNAR SKILAR SÉR TIL ÞÍN:

# LÆKKUM VERÐ

## Chevrolet Captiva

LTZ dísel 2,2L leður + sóllúga  
Verð áður: 7.390 þús. kr.  
Verð nú: 6.990 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**400.000** kr



Nú lækkar verð á nýjum bílum hjá okkur. Vegna styrkingar krónunnar getum við lækkað verð á glænýjum Chevrolet. Gerðu samanburð og gríptu Chevrolet gæðin - á lægra verði.



### Chevrolet Spark

LS bensín 1,0L beinsk. 5 dyra  
Verð áður: 1.890 þús. kr.  
Verð nú: 1.790 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**100.000** kr



### Chevrolet Aveo

LT bensín 1,2L beinsk. 5 dyra  
Verð áður: 3.190 þús. kr.  
Verð nú: 2.990 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**200.000** kr



### Chevrolet Cruze

LTZ dísel 2,0L sjálfsk. 4 dyra  
Verð áður: 4.490 þús. kr.  
Verð nú: 4.290 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**200.000** kr



### Chevrolet Malibu

LTZ bensín 2,4L sjálfsk. leður  
Verð áður: 5.490 þús. kr.  
Verð nú: 5.290 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**200.000** kr



### Chevrolet Orlando

LTZ bensín 1,8L sjálfsk.  
Verð áður: 5.190 þús. kr.  
Verð nú: 4.990 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**200.000** kr



### Chevrolet Volt

LTZ rafmagn 1,4L  
Verð áður: 7.990 þús. kr.  
Verð nú: 7.790 þús kr.

VERÐLÆKKUN  
**200.000** kr

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16

**Bilabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000  
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330  
Bílaríki • Glerárgötu 36 • Akureyri • 461 3636  
Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

## VEISTU SVARID?



1. Hver er formaður Þingvalla-nefndar?
2. Hvað er vinsælasta kjötið á Íslandi?
3. Hver fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Falskur fugl?

SVÖR:

1. Alfreður Ingaóttur. 2. Kjöklingur. 3. Styf Júlíusson.

# Mikill meirihluti vill að Guðmundar- og Geirfinnsmálið verði tekið upp á ný fyrir íslenskum dómstólum: Fjórir af hverjum fimm vilja endurupptöku

**KÖNNUN** Ríflega fjórir af hverjum fimm landsmönnum telja að taka eigi Guðmundar- og Geirfinnsmálið upp á nýju fyrir íslenskum dómstólum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls vill 81,1 prósent taka málið upp aftur en 18,9 prósent eru því andvíg. Konur vilja frekar endurupptöku en karlar. Um 86,7 prósent kvenna vilja að málið fari fyrir dómstóla aftur en 75,5 prósent karla. Niðurstaða starfshóps um

Guðmundar- og Geirfinnsmálið var í meginatriðum sú að framburður og játningar allra sex sakborninganna hefði verið óáreiðanlegur. Það hafi ekki átt að byggja á þeim fyrir dómi. Samkvæmt sálfræðimati er líklegt að ósamræmi sakborninga hafi stafað af þekkingarleysi þeirra á þessum málum og að þeir hafi hvergi komið nálægt þeim.

Úrtakið í könnuninni var 1.231 manns en hringt var þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 3. apríl og fimmtu-

## AFSTAÐA TIL ENDURUPPTÖKU MÁLSINS

Finnst þér að taka ætti upp Guðmundar- og Geirfinnsmálið á ný fyrir íslenskum dómstólum?



HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 3. OG 4. APRÍL 2013

daginn 4. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og

aldri. Spurt var: Finnst þér að taka ætti upp Guðmundar- og Geirfinnsmálið á ný fyrir íslenskum dómstólum? Afstöðu tók 82,1 prósent. - bj, þeb



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um kjörskrár vegna kosninga til Alþingis.

Kjörskrár vegna kosninga til Alþingis sem fram eiga að fara laugardaginn 27. apríl 2013 skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 17. apríl 2013.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að sveitarstjórn getur allt fram á kjördag gert leiðréttingar á kjörskrá, ef við á.

Innanríkisráðuneytið, 8. apríl 2013.

# Telja skógrækt við Þórsmörk í hættu

Landgræðslan ásamt öðrum hyggst kæra nýlegan úrskurð um að heimilt verði að beita fé í birkiskógi nálægt Þórsmörk. Skógarvörður segir að verið sé að fórna hagsmunum almennings og náttúrunnar fyrir sérhagsmuni nokkurra bænda.

**LANDVERND** „Ég er mjög ósáttur með úrskurð nefndarinnar sem kaus að hunska fyrirbyggjandi beitarpólsmat sem unnið var af Landbúnaðarháskólanum. Þar kemur skýrt fram að það sé ekki ákjósanlegt að hefja beit á svæðinu,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

Ítölunefnd, sem skipuð var af sýslumanninum á Hvolsvelli fyrir áramót, úrskurðaði nýlega að bændur fengju heimild til þess að beita fé í Almenninum í Rangá-þingi eystra. Leyfi var gefið fyrir upprekstrarétti 50 tvílembdra áa (alls 150 dýr) og eftir fáein ár 130 tvílembdra áa (alls 390 dýr). Svæðið sem um ræðir hefur verið friðað og í uppræðslu frá 1990.


Samkvæmt lögum skal ítölunefnd byggja niðurstöðu sína á beitarpólsmati. Fyrirliggjandi beitarpólsmat var hins vegar ekki nýtt, að sögn Sveins. Hann vill þó ekki tjá sig um málið þar sem landgræðslan hafi kært málið.

Í Almenninum hefur farið fram viðamikil uppræðsla á birkiskógi en skógurinn hefur breiðst út um 180 hektara eftir friðunina. Þar er hins vegar mikið um nýgræðlinga sem fulltrúar Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins óttast að þoli ekki ágang sauðfjárbeitar.

Hreinn Óskarson, skógarvörður hjá Skógrækt ríkisins og sauðfjorbóndi, segir að með því að leyfa beit á svæðinu sé verið að taka mikla áhættu. Slíkt geti jafnvel haft áhrif á loftgæði í höfuðborginni þar sem gróurlendi á svæðinu hindrar öskufok.

„Þetta er heilbrigðismál fyrir fólk líka,“ segir Hreinn og bætir við, að um sé að ræða beit á lítt grónu landi þar sem hagsmunir snúast ekki um skort á beitilandi í byggð. „Þetta snýst um að reka


## ALMENNINGAR Í RANGÁRÞINGI EYSTRA



Eins og sést á kortinu eru Almennir umkringdir jöklum.

## Ítölunefnd:

Í lögum um afrétti er kveðið á um heimild til að skipa svokallaða ítölunefnd komi upp deilur vegna afréttar. Hlutverk nefndarinnar er að gefa út ítölu sem er mat á hversu margt fé af réttin þoli á beit.



fé eingöngu til að tryggja afréttar-eign og með því skaða hugsanlega áratuga langa gróðurframvindu. Það er algjörlega ótækt. Við segjum Almenninga óbeitarhæfa út frá sjónarmiði uppræðslu. Niðurstaða ítölunefndar tekur hins vegar mið af því hvort landið sé beitarhæft fyrir fé og hvort dýrin geti lifað þar af. Hér takast því á tvö mjög ólík sjónarmið.

Almennir liggja að Þórsmörk og segir Hreinn að vegna þess þurfi að reisa girðingar til að hindra að fé renni á milli svæðanna. Kostnaður skattgreiðenda við slíkt verði um tíu milljónir og smalakostnaður og viðhald geti numið um tveimur milljónum árlega þar sem girðingarstæði við Þórsmörk sé með því erfiðara sem þekkest.



„Þarna er verið að fórna hagsmunum almennings og náttúrunnar fyrir sérhagsmuni nokkurra bænda.“

Hreinn Óskarson, skógarvörður hjá Skógrækt ríkisins

„Þetta er ekki beint hagkvæm leið til lambakjötsframleiðslu og augljóst er að þarna er verið að fórna hagsmunum almennings og náttúrunnar fyrir sérhagsmuni nokkurra bænda.“

maria@frettabladid.is



LÍNUÝSA  
FISKIBOLLUR  
PLOKKFISKUR  
FISKRETTIR

Heitur matur í hádeginu

Opið laugardaga kl. 11-14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

### HÖNNUN

3mm að framan og 9mm að aftan. Aðeins 1.3 kg.

### HRAÐI

Kveikir á sér á 2 sekúndum. Intel i7 örgjörvi. 128GB Solid State.

### FEGBURÐ

Hringburstuð stálumgjörð. Framúrskarandi verðlaunahönnun.

ASUS  
ZENBOOK™

tl.is  
TÖLVU  
LISTINN

Opinber heimsókn forsætisráðherra Íslands til Kína í næstu viku:

# Staðfesta fríverslunarsamning

**VIÐSKIPTI** Fríverslunarsamningur milli Kína og Íslands, sem unnið hefur verið að í sex ár, verður undirritaður í tengslum við opinbera heimsókn forsætisráðherra til Kína.

Heimsókn Jóhönnu Sigurðardóttur og Jónínu Leósdóttur, eiginkonu hennar, mun standa dagana 15. til 18. apríl og er í boði kínverskra stjórnvalda. Boðinu var komið á framfæri af þáverandi forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, í opinberri heimsókn hans til Íslands í apríl á síðasta ári.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að forsætisráðherra muni eiga fund með forsætisráðherra Kína, Li Keqiang, og forseta Kína, Xi Jinping, en þeir tóku formlega við embættum í síðasta mánuði.

Samningur Kína og Íslands verður undirritaður af utanríkisráðherra, ásamt utanríkisviðskiptaráðherra Kína, en jafnframt verður haldið viðskiptaþing í Peking þann 16. apríl þar sem fulltrú-



**TIL KÍNA** Fríverslunarsamningur Íslands og Kína verður staðfestur af utanríkisráðherra í opinberri heimsókn forsætisráðherra Íslands í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ar íslenskra og kínverskra fyrirtækja og stofnana ræða tækifæri í tengslum við fríverslunarsamninginn.

- þj

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# MIKIÐ ÚRVAL FERMINGARGJAFNA

## ASUS

ASUS NEXUS7C-1B018A

### FULLKOMIN SPJALDTÖLVA FYRIR UNGLINGA

Eins meðfærileg og spjalddölvur gerast - 340 grömm. Hraðvirk með Tegra 3 Quad Core örgjörva og Tegra 3 skjá korti. Kristaltær IPS+ skjár. Nýjasta Android stýrikerfið - Jelly Bean. 32GB minni og allt að 10 tíma rafhlöðuending.



## 54.990

### 69.990 MEÐ 3G

## TOSHIBA NÝ ULTRABOOK

## 129.990



Toshiba Satellite U940-104

Örþunn og létt en sterkbyggð 14" fyrir daglega notkun og álag. Öflugur Intel i3 örgjörvi og Intel HD 4000 skjá kort. Kemur með 32GB SSD diskinn fyrir hraðvirkara stýrikerfisvinnslu og 320GB fyrir gögnin. WiDi og Bluetooth stuðningur, USB3.0 og HDMI tengi. Frábær kaup.

### ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL



AKG K912

Tónlistin í alvöru hljómgæðum þráðlaust hvar sem er á heimilinu.

## AKG

## 9.990

### SÚ VINSÆLASTA

TOSHIBA



Toshiba C850-19D

Vinsælasta fermyngartölvan. Sterkbyggð 15,6" fartölva með Intel örgjörva fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu.

## 79.990

### RAZER LEIKJAMÚS



## RAZER

Razer DeathAdder Ofurnákvæm 3500 dpi leikjamús með 3,5G innrauðum nema. Gullhúðað USB tengi tryggir 1ms svartíma.

## 11.990

### LEIKJAHEYRNARTÓL

## steelseries

HEAD SS 5HV2 Sterk, hljómgóð og vönduð leikjaheyrnartól. Sérstaklega hönnuð fyrir raunverulega upplifun í tölvuleikjum.



## 14.990

### 13" MACBOOK PRO



MacBookPro

Nýjustu örgjörvarnir frá Intel. Ofurhröð USB 3 og Thunderbolt tengi. Nýtt og öflugt skjá kort frá nVidia.

## 217.990

### HD VEFMYNDAVÉL



Logitech

WEB LOG HD C270

720 punkta háskerpuupplausn, 3MP myndataka og innbyggður hljóðnemi með Rightsound tækni.

## 5.490

### OFURÞUNN MÚSARMOTTA



## RAZER

RAZ-SPHEX Yfirborð sem er sérstaklega hentugt til að auka nákvæmni músarinnar í kröfuharðri leikjaspilun.

## 2.990

### HAF XB LAN KASSI

## COOLER MASTER



T CM RC-902XB-KKN1

Byltingarkenndur turnkassi með einstakri kæligetu og auðveldu aðgengi að öllum íhlutum.

## 21.990



REYKJAVÍK  
SUDURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRDUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

## Hefur þú greinst með slitgigt í hné?

Össur hf. er að þróa hnéspelku til að minnka verki og auka hreyfifærni einstaklinga með slitgigt í hné.

Leitað er aðstoðar einstaklinga sem greindir hafa verið með slitgigt í hné af lækni til að taka þátt í þróun og prófunum á spelkunni.

Þátttakan felst m.a. í heimsóknum í rannsóknarsetur Össurar þar sem spurningalistar verða lagðir fyrir.

Frekari upplýsingar um rannsóknina gefur Stoðtækjaþjónusta Össurar í s. 425-3400

Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt til Persónuverndar.



Life Without Limitations®

## ÁRSFUNDUR

### ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2013

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 23. apríl á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15

#### DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2012 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út 16. apríl 2013 kl. 24.00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

**Sent verður beint út frá fundinum á sjóðfélagsvef Almenna lífeyrissjóðsins.**

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

[www.almenni.is](http://www.almenni.is)

**ALMENNI**  
LÍFEYRISSJÓÐURINN

**KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ  
SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ  
GAGNRÝNUM HÆTTI**



SAFT

[www.saft.is](http://www.saft.is)

Sjónvarpsávarp forsætisráðherra Portúgals:

## Meiri niðurskurður

**PORTÚGAL, AP** Forsætisráðherra Portúgals, Pedro Passos Coelho, sagði í sjónvarpsávarpi sínu í gær að enn frekari niðurskurður væri í vændum í landinu. „Við erum enn ekki laus úr því fjárhagslega neyðarástandi sem kom okkur í þessa sársaukafullu kreppu,“ sagði Coelho í ávarpinu.

Stjórnarskrárdómstóll Portúgals bannaði á föstudag launalækkunir hjá opinberum starfsmönnum og lægri greiðslur til lífeyrisþega, sem áttu að vera hluti af fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar.



**PEDRO PASSOS COELHO**

Til að brúa bil upp á 1,3 milljarða evra, eða um 200 milljarða króna, verður skorið grimmt niður í opinbera geiranum. „Eftir þessa ákvörðun stjórnarskrárdómstólsins verður ekki bara líf stjórnarinnar erfiðara heldur líka líf portúgólsku þjóðarinnar,“ sagði Coelho.

-fb



**SAKLAUS FÓRNARLÖMB** Ellefu börn og ein kona létust í loftárásu NATO í Afganistan í gær. Háttsettur foringi talibana var skotmark árársinnar og féll hann einnig ásamt fimm vígamönnum, en hin látnu voru skyldmenn hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## 11 börn dóu í loftárás NATO

Ellefu börn á aldrinum eins til tólf ára og ein kona að auki létu lífið í loftárás NATO í Afganistan um helgina. Skotbardagi hafði geisað við talibana.

**KABÚL, AP** Ellefu börn á aldrinum eins til tólf ára létust í loftárás NATO á hús í þorpi einu í austurhluta Afganistans, nálægt landamærum Pakistans, á laugardag. Ein kona og sex liðsmenn talibana, þar af tveir háttsettir forystumenn, létust einnig í árásinni og fimm konur særðust. Síðasta vika var ein sú blóðugasta í Afganistan frá því að stríðið hófst þar fyrir tólf árum.

Harður skotbardagi hafði geisað milli liðsmanna fjölbjóða herliðsins og afganskra öryggisveita annars vegar og liðsmanna talibana hins vegar, en háttsettur maður innan þeirra raða var í húsinu. Bandarískur ráðgjafi, sem ekki var hermaður, féll í bardaganum áður en kallað var til loftárásarinnar.

Börnin og konurnar voru skyldmenn talibanaforingjans, að sögn Gul Pasha, héraðsstjóra á svæðinu.

„Ég held að þeir hafi ekki vitað af konunum og börnunum í húsinu vegna þess að þaðan var gerð árás á þá og þeir höfðu verið að skjóta á húsið,“ sagði Pasha.

Talsmaður alþjóðaliðsins, Adam Wojack að nafni, staðfesti að það hefði sent beiðnina um loftárásirnar, ekki afgöngu sveitirnar. Öll atvik sem fælu í sér fall óbreyttra borgara væru litin alvarlegum augum og rannsókn stæði yfir um þetta atvik.

Alþjóðlegar hersveitir hafa verið í Afganistan frá árinu 2001 þegar

„Ég held að þeir hafi ekki vitað af konunum og börnunum í húsinu“

Gul Pasha héraðsstjóri

talibönnum var komið frá völdum. Síðan þá hafa harðir bardagar geisað milli uppreisnarmanna og Bandaríkjanna og bandamanna þeirra. Afganskar öryggissveitir hafa tekið yfir sífellt fleiri verkefni eftir því sem Bandaríkin draga úr umsvifum sínum. Stefnt er að því að síðustu hersveitir Bandaríkjanna yfirgefi landið í árslok 2014.

Mannfall óbreyttra borgara í loftárásu NATO hefur eðlilega vakið mikla gremju Afgana og orsakað spennu á samskiptum Hamids Karzai forseta við fjölbjóðaliðið. Meðal annars lagði hann í febrúar bann við því að afganskar sveitir kölluðu eftir loftárásu.

Lítið lát er á blóðsúthellingum í Afganistan, því sjálfsmorðsþrengjumaður á vegum talibana varð fimm bandarískum borgurum að bana í Qalat-borg í gær, þar af voru þrír hermenn og tveir almennir borgarar og tveir aðrir Bandaríkjamenn létust í suðurhluta landsins í sjálfsmorðsþrengingu. Á miðvikudaginn létust svo hátt í 50 manns í sjálfsmorðsþrengjuárás í dómhúsi í vesturhluta Afganistans.

[thorgils@frettabladid.is](mailto:thorgils@frettabladid.is)



# 15 kr. afsláttur

af lítranum í 10. hvert skipti sem þú dælir  
25 lítrum eða meira með ÓB-lyklinum.



Sæktu um lykil núna á ob.is



1. Séráfslættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmælisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.  
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykillinn Viðskiptakorti Olis og safna Vildarpunktum. Punktasófnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 3,75 kr. afslátt í formi Vildarpunkta Icelandair.



# VIKUTILBOÐ

GORENJE OFN

# 30% AFSLÁTTUR

TILBOÐ KR: 69.900,-  
ÁÐUR KR: 99.900,-



**BO7110AW**

Orkuflokkur A-20%  
Ofnstærð 65 lítra  
Undir og yfirhiti  
Heitur blástur  
Pizza kerfi  
Afbýðingarkerfi  
þrefalt gler í hurð  
Aqua Clean hreinsibúnaður  
**Takmarkað magn**

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**

Reykjavík • Skútvogi 1 • Sími: 562 4011  
Akureyri • Draupnigata 2 • Sími: 4600 800  
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020

## RÖNNING



**VIÐ PINGVALLAVATN** Veiðimenn hafa gagnrýnt ákvörðun Pingvallanefndar um að banna næturveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður: Vill ræða við veiðimenn um næturveiði

**STANGVEIÐI** Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segist opinn fyrir því að ræða við þá veiðimenn sem hafa gagnrýnt ákvörðun Pingvallanefndar um að banna næturveiði í þjóðgarðinum.



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**

Stefán Jón Hafstein, útgáfustjóri Flugur.is, sem barist hefur fyrir réttindum veiðimanna, sagði í viðtali við Visir.is að ákvörðuninni verði ekki unað og að leitað verði til forsætisráðneysisins ef henni verði ekki breytt. „Bestu samherjarnir okkar eru þessir góðu veiðimenn, hvort sem þeir heita Stefán Jón Hafstein eða eitthvað annað. Ef þeir koma að máli við okkur og vilja eitthvað ræða þetta erum við meira en opin fyrir því að finna einhverjar leiðir í þessu sem eru sameiginlegar,“ segir Ólafur Örn.

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að næturveiðin yrði bönnuð frá og með 1. maí frá hálf-tólf á kvöldin til fimm á morgnana, m.a. vegna drykkjuláta veiðimanna og þess ónæðis sem þau valda öðrum gestum.

Ólafur Örn tekur fram að „alls konar veiðibófaskapur“ hafi viðgengist við Þingvallavatn. „Þarna eru menn að sniglast með beitu. Þetta eru gráðugir veiðimenn sem hafa rangt við bæði gagnvart lífríkinu og öðrum veiðimönnum. Þeir eru með makríl jafnvel sunnan úr suðurhöfum og hrogn af óþekktum uppruna. Þetta er skaðræði upp á smíthættu í fiskistofna vatnsins,“ segir hann. „Svo bætast við, hvað sem hávaða líður, allar bjórdósirnar, sígarrettustubbarnir, matarleifarnar og umbúðirnar utan af mat frá veiðimönnum. Þetta er áníðsla á landinu og vatninu eftir þessar næturuppakomur og við gátum ekki annað en gripið til þessara ráðstafana.“ -fb



## SPROTAR

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 10. apríl 2013 á Hótel Sögu, Kötlusal, kl. 8.15-10. Á fundinum verður sjónum beint að verkefnum yngri kynslóðar fræðimanna og listamanna sem hafa eftt starf stofnunarinnar á síðustu árum. Villuleitarforritið Skrambi er frábær nýsköpun á grunni gagna stofnunarinnar, gagnagrunninn Ísmús opnar almenningi aðgang að segulbandaupptökum, ný orð skjóta rötum í tungumálinu og kynni eru endurnýjuð við handrit sem vesturfarar tóku með sér til Kanada. Á hverju ári koma erlendir námsmenn til að læra íslensku. Þannig verða til nýir sprotar og ný þekking.

Skráning á [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

**Lára Magnúsardóttir**, formaður stjórnar  
Ávarp

**Guðrún Nordal**, prófessor og forstöðumaður  
Starfsemi stofnunarinnar árið 2012

**Ana Stanićević** og **Matthew David Deaves**  
Íslenska er öðruvísi

**Jón Friðrik Daðason**  
Skrambi

**Einar Sverrir Tryggvason**  
Tónlist byggð á upptökum úr segulbandasafni Árnastofnunar

**Kristín Una Friðjónsdóttir**  
Íðorðasafn í alþjóðastjórnsmálum og stjórnmálafræði

**Katelin Parsons**  
Uppgötvuð handrit í Winnipeg

**Sigrún Helgadóttir**  
Mörkuð íslensk málheild opnuð

**Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra  
Ávarp

Fiskalinn Kristján Berg lætur búa til mynd af hafmeyju á húsvegg í stað veggjakrots:

## Fiskikóngur vonar að hafmeyjan fái frið

**SKIPULAGSMÁL** Kristján Berg, sem rekur fiskbúðina Fiskikónginn við Sogaveg, hefur látið mála risastóra mynd af hafmeyju á vegg búðarinnar. Hann var áður með stórt auglýsingaskilti á veggnum en Reykjavíkurborg lét hann fjarlægja það.

„Þegar ég byrjaði með fiskbúðina var húsið alltaf útkrotað eða spreymt, sem er skemmdarverk í mínum huga,“ segir Kristján. Fyrst kom maður frá borginni og málaði yfir krotið en síðar meir

var Kristján fenginn til að mála sjálfur yfir það. Hann gafst upp á því á endanum og ákvað að setja auglýsingaskilti upp í staðinn merkt Fiskikónginum, en var gert að taka það niður vegna þess að það þótti of stórt. Þá ákvað hann að ráða til sín veggjakrotarann og listamanninn Þorstein Davíðsson og fá hann til að mála fyrir sig hafmeyjuna. „Ég veit ekki hvort borgaryfirvöld munu æsa sig yfir þessu, ég vona ekki,“ segir Kristján. „Ég er ekki með skilti

á húsinu. Þetta er málning og það getur enginn bannað mér að mála húsið mitt. Ég vona að borgin fari ekki að fetta fingur út í þetta.“

Myndin sést vel frá Miklubrautinni og mun því blasa vel við borgarbúum. Aðspurður segist Kristján ánægður með hafmeyjuna, sem verður tilbúin í dag. „Það er ótrúlegt að sjá hvernig hann [Þorsteinn] gerir þetta. Þetta er ekkert smá stórt og ég er montinn yfir því að hafa þetta þarna.“



**HAFMEYJAN** Mynd af ókláraðri hafmeyjunni á vegg Fiskbúðarinnar við Sogaveg.

Nýstárleg rannsóknaraðferð:

## NASA hyggst snara smástirni

**VÍSINDI** NASA, bandaríska geimvísindastofnunin, hefur fengið fjármagn til þess að þróa áætlun um að sækja 500 tonna smástirni og færa nær jörðu til rannsókna.

Þegar hentugt smástirni finnst, verði það „snarað“ með þar til gerðri taug og dregið nær jörðu. Þar muni geimfarar komast að því til rannsókna.

Ekki er talin hætta á að mistök geti valdið hörmungum þar sem smástirni af þessari stærð brenna upp áður en þau lenda á jörðinni.



**FUKUSHIMA** Kjarnorkuverið skemmdist í öflugum jarðskjálfta sem reið yfir Japan árið 2011. NORDICPHOTOS/AFP

Vandræði í Fukushima:

## Geislavirkt vatn lak úr verinu

**JAPAN** Talið er að 120 tonn af geislavirku vatni hafi lekið úr Fukushima-kjarnorkuverinu á síðustu dögum. Vatnið, sem notað var til að kæla kjarnakljúfa versins, seytladi ofan í jarðveginn úr vatnsgeymum.

Að mati sérfræðinga er afar ólíklegt að vatnið leki út í Kyrrahaf eða Japanshaf. Þar að auki sé mengun vatnsins minniháttar.

Fukushima-kjarnorkuverið skemmdist verulega í öflugum jarðskjálfta sem reið yfir norðanvert Japan árið 2011. Kælikerfi versins bræddi úr sér í kjölfarið með tilheyrandi mengun í jarðvegi og vatni.



**ÁHYGGJULAUST ÆVIKVÖLD** Kjarnnefnd Félags eldri borgara vill embætti umboðsmanns aldraðra. MYND/ÚR SAFNI

Vilja umboðsmann aldraðra:

## Aldraðir njóti jafnréttis á borð við aðra

**JAFNRÉTTISMÁL** Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni telur að stofna eigi embætti umboðsmanns aldraðra. Hlutverk embættisins ætti samkvæmt þessum tillögum að vera að gæta hagsmuna aldraðra í hvívetna.

Í tilkynningu frá félaginu segir að meðal annars ætti umboðsmaður aldraðra að gæta þess, að lögum um málefni aldraðra sé framfylgt, þar á meðal því ákvæði laganna, að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarrettur þeirra sé virtur.



Landsvirkjun

2012 er komið á netið

Árið 2012 vann Landsvirkjun rúmlega 12.000 gígawattstundir af rafmagni. Skuldir fyrirtækisins héldu áfram að lækka og framtíðarhorfur þess eru góðar. Landsvirkjun er eign íslensku þjóðarinnar – afkoma og rekstur fyrirtækisins skiptir okkur öll máli.

Á vefnum okkar, landsvirkjun.is, er aðgengileg ítarleg rafræn kynning á starfsemi og afkomu Landsvirkjunar 2012 og framtíðaráformum fyrirtækisins.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Bannað að veiða á nóttunni í Þingvallavatni:

## Fordómar Þingvallanefndar

**Þ**ingvallanefnd hefur ákveðið að banna stangveiðifólki að veiða á nóttunni í Þingvallavatni. Álfheiður Ingadóttir, formaður nefndarinnar, segir ástæðuna fyrir banninu vera örfáa „góðglæða“ veiðimenn sem skemmi fyrir öllum hinum. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður tekur undir með Álfheiði og sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að þau kærðu sig „ekki um að menn séu hér með eitthvert sukk og svínarí, háreisti og ónæði“.

Vissulega má taka undir með því sjónarmiði Þingvallanefndar að það fari ekki endilega vel saman fjölskyldulíf í tjaldbúðum og sukk og svínarí. Það vitum við öll sem höfum ferðast með börn um tjaldstæði landsins. Hins vegar er það svo að fátt er jafn skemmtilegt og að vera við veiði í Þingvallavatni á bjartri sumarnóttu.

Eins og gefur að skilja er mikil reiði meðal stangveiðifólks vegna ákvörðunar Þingvallanefndar. Á Vísir.is um helgina var rætt við Stefán Jón Hafstein, útgáfustjóra Flugur.is, og hann sagði viturlegra að banna drykkjúlæti í þjóðgarðinum en að banna veiði í vatninu á nóttunni.

„Margir veiðimenn segja þá sögu að þarna á Þingvöllum að nóttu til komist menn næst alvaldinu ef hægt er að orða það með því að fá að vera í friði þar og njóta veiða,“ sagði Stefán Jón Hafstein og fullyrkti að veiðimenn myndu ekki una þessari nýju samþykkt Þingvallanefndar.

Það er óhætt að taka undir orð Stefáns Jóns um feegurðina sem birtist fólki eftir miðnætti á Þingvöllum í sumarbertunni. Í raun er það með ólíkindum að Þingvallanefnd tengi silungsveiði að nóttu til við drykkjúlæti. Næturveiðin er hluti af íslenski náttúrurómantik og ekki tengd drykkju.

„Það er ekkert beint orsakasamband milli silungsveiða og drykkjúláta,“ sagði Stefán Jón um helgina og stakk upp á því að nefndin herti frekar eftirlit og reglur almennt hvað varðar drykkjuskap í þjóðgarðinum.

Auðvitað sér hver heilvita manneskja að það er rökvilla í niðurstöðu Þingvallanefndar. Niðurstaða nefndarinnar er að banna veiðarnar þegar allt bendir til þess að það sé fyllirífið sem sé vandamálið. Í ákvörðuninni felast líka miklir fordómar gegn fólki sem stundar stangveiði. Þetta lyktar af hundalógík og er á pari við það ef yfirvöld kæmst að þeirri niðurstöðu að best væri að banna tónlistarfólki að keyra því það væri alþekkt að það drykki svo mikið þegar það væri að spila.

Við verðum öll að sporna við svona vitleysu og mótmæla kröftuglega. Stefán Jón boðar að veiðimenn muni safna liði. Gott hjá þeim.

Ög svona til að bíta höfuðið af skömminni þá ákvað Þingvallanefnd að hækka verð veiðileyfa í vatninu um þriðjung við þessi tímamót. Verðið fer úr 1.500 krónum í 2.000 krónur á sama tíma og veiðin í vatninu er takmörkuð. Þetta fólk virðist ekki kunna að skammast sín.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen [olafur@frettabladid.is](mailto:olafur@frettabladid.is), Mikael Torfason [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Jóga

### Byrjendanámskeið

Hefst 9. apríl  
Þri. og fim. kl. 12:00-13:00  
Kennari Gyða Dís  
Verð kr. 12.900,-

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Skráning í síma 560 1010  
eða á [mottaka@heilsuborg.is](mailto:mottaka@heilsuborg.is)



**HEILSUBORG**

Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
[www.heilsuborg.is](http://www.heilsuborg.is)



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stærsta skotmarkið

Í ljósi stórsóknar Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum síðustu vikur er flokkurinn orðinn helsta skotmark keppinautanna, sérstaklega Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, er ekki í sem bestri stöðu þegar innar við þrjár vikur eru til stefnu fram á kjördag. Flokkurinn mældist með 9,5% fylgi í síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Á kosningafundi flokksins, svokallaðri Baráttugleði, sem haldin var á laugardag, lagði hann því beint til Framsóknar og skoraði formanninn Sigmund Davíð Gunnlaugsson á hólma á opnum fundi um verðtryggingu og skuldir heimilanna.

#### Tveggja manna tal?

Sigmundur tók vel í tilboðið og í samtali við RÚV í gær bauð hann Árna Páli að líta við á fundi Framsóknar við hentugleika. Þetta er áhugaverð þróun kosningabaráttunnar, ef formenn fara að mætast eftir boði hvor annars. Það er þó mögulega kærkomið tækifæri fyrir óákveðna kjósendur að velja á milli tveggja kosta frekar en að horfa á talsmenn fjórtán framboða, eða fleiri, reyna að koma sínum boðskap á framfæri, hvern á fætur öðrum á takmörkuðum tíma.

#### Haukur í horni

Framsókn barst þó stuðningur úr óvæntri átt, frá Stefáni Ólafssyni, prófessor í

félagsfræði. Stefán hefur í gegnum árin óspart verið spyrstur við Samfylkinguna, en fagnar í blogg færslu í gær útfærslu Framsóknarflokksins á skuldalækkun heimilanna, „ef hægt verður að framkvæma hana eins og sagt er“. Segir Stefán „furðulegt“ að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ekki hafa tekið betur í hugmyndir Framsóknar, sem séu „ágætt framhald“ af stefnu stjórnarinnar. Klykkir hann út með að spyrja hvort „hinir miðju og vinstri flokkarnir“ vilji ekki vinna með Framsókn að þessu markmiði. Má kannski greina þarna upphafið að því að tala Framsókn og stjórnarflokka ana saman?

[thorgils@frettabladid.is](mailto:thorgils@frettabladid.is)



### HALLDÓR



## Vinstri menn og atvinnulífið

### STJÓRN MÁL



**Margrét K. Sveinsson**  
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Nú, þegar kosningar til Alþingis nálgast óófluga, fara ýmsar gamlar draugasögur á kreik. Ein klisjan er sú, að vinstri menn séu andsnúnir eflingu atvinnulífsins, kunni ekki að fara með opinbert fé og leggi ekki næga alúð við að laða erlent fjármagn að landinu.

Núverandi ríkisstjórn hefur mótað atvinnustefnu þar sem hugvit og sköpunarkraftur atvinnulífsins er í forgrunni. Atvinnustefnu sem styður við stofnun og vöxt fyrirtækja m.a. með endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar, stórfelngu samkeppnissjóða og lagaramma um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Þá var komið á endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar sem hafa laðað erlenda kvikmyndagerðarmenn að landinu og stórbætt hag innlendrar kvikmynda-gerðar.

Einnig var hrundið í framkvæmd stór-átaki á sviði ferðaþjónustu sem hefur skilað öflugri ferðaiðnaði en nokkru sinni fyrr.

Þetta tókst þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður eftir hrun.

Traustur gjaldmiðill nauðsynlegur  
Við viljum sannarlega efla frjálst og skapandi atvinnulíf en til þess að það geti orðið þurfum við öflugri gjald-

miðil. Það, að við búum við ónýta krónu og gjaldeyrishöft, er ekki eitthvað sem ríkisstjórnin valdi sér, heldur afleiðing af óstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um árabíl.

Ríkisstjórnin hefur líka unnið hörðum höndum að því á þessu kjörtímabili að tryggja þjóðinni eðlilega hlutdeild í auðlindum landsins með nýrri, endurskoðaðri stjórnarskrá sem stjórnarandstaðan á þingi hefur haldið í heljargreipum að undanförunni af því að þeir flokkar standa vörð um sérhagsmuni en ekki hagsmuni almennings í landinu.

Ríkisstjórnin setti lög sem bönnuðu varanlegt framsal orkuauðlinda í eigu ríkis og sveitarfélaga og mótaði orku-stefnu fyrir Ísland. Við viljum tryggja að þjóðin sjálf fái varanleg yfirráð yfir auðlindum og að arðurinn renni til eflingar velferðarsamfélags og fjölbreytts atvinnulífs.

Við leggjum árangur ríkisstjórnar velferðar og jafnaðar fyrir íslensku þjóðina í þessum kosningum. Ríkisstjórnar sem hefur verið ábyrg og traust og tókst að koma á efnahagslegum stöðugleika og ná tökum á ríkisfjármálanum við einhverjar erfiðustu efnahagsaðstæður sem nokkur ríkisstjórn hefur þurft að kljást við.

# Þrjú lykilorð Framsóknar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Metsölubókin síðustu jólf var um Gísla á Uppsölum og ég þekki mann sem segir að nú ætli sagan að endurtaka sig: „Framsókn er Gísl á Uppsölum,“ segir hann og sér fyrir sér þjóðina halda inn í sinn afdal og afneita heiminum, taldandi hrognamál sem enginn skilur. Undanfarið hefur farið fram markviss leit að hinum þjóðlegu gildum með tilheyrandi lopapeysufári og lifrarpylsuáti; kannski er það sú leit sem leiðir svo marga á vit þessa séríslenska flokks, sem stjórnadi hér á áttunda áratugnum hagkerfi sem var eins konar heimsundur, með það verðbólgu markmið að ná hundrað prósentu verðbólgu. Kannski er nostalgían að leiða þjóðina þangað – gekk ekki allt svo vel í verðbólgunni? – og bráðum verða allir karlar með barta og í útsniðnum buxum, konur í köflóttum pilsu og leðurstígvélum og Geirfínnur týnist aftur.

Eftir einhverjum öðrum var haft að Framsókn væri fóta-nuddtæki ársins. Vanhugsuð, hvatvís hópsálarkaup sem enda á háaloftinu.

Ég veit það ekki. Kannski er Framsókn bara Sjálfstæðisflokkurinn í ár á þessum tímum fullkominnar upplausnar í flokkakerfinu þar sem fjöldinn þeytist frá Jóni Gnarr til Ólafs Ragnars til Sigmundar Davíðs, í örvæntingarfyllri leit að valkosti sem gengur fram af elítunni og framkallar harðorðar ályktanir á aðalfundi álitsgjafafélagsins á Facebook. „Eru þar flestir aumingjar“, hefur lengi verið viðkvæðið um sjálft Alþingi – Búsáhaldaþyngin gekk út á að ríða húsum þar frekar en í Borgartúni þar sem raunverulegir sökudólgar breiddu úr sér, enda hefur bylt-

ingarfólkið sjálfsgagt ekki ratað svo langt austur í borginni, og ekki jókst virðing Alþingis við framgöngu málmorranna í Sjálfstæðisflokknum undanfarin ár: og hví skyldi maður ekki kjósa Framsókn eins og hvað annað?

Flokkur þeirra ópólítísku. Hvað er annars Framsókn? Varla sveitaflokkur lengur, enginn vinstri flokkur, varla einu sinni miðjuflokkur. En samt ekki einskær hægri flokkur með tilheyrandi einkavæðingarhótanir: Þrjú lykilorð eru að baki velgengni Framsóknarmanna um þessar mundir: Heimilin – Icesave – þjóðrækni.

## Næsta orrusta

Úrskurður EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu breytti öllu. Hann sýndi svo sem að smáþjóðir njóta réttar í evrópsku lagaumhverfi þegar gömul stórveldi sækja að þeim en enginn tók eftir því heldur var mórallinn þessi: Það var rétt hjá okkur að fella þessa samninga. Elítunni skjátaðist. Skítt með það að vilja haga sér á ábyrgan hátt gagnvart innistæðueigendum í Englandi og Hollandi. Tröll hirði þessar ensku ömmur. Við skuldum engum neitt. Því harðari og óbilgjarnari sem menn voru, þeim mun réttar höfðu þeir fyrir sér. Þetta var hefðilega stríð.

Nú geta frambjóðendur Framsóknar sagt þetta um allar efasemdir um loforð þeirra: Já, já, þið hélduð líka að við hefðum rangt fyrir okkur í Icesave – og málið útrætt. Skiptir þá engu máli að Framsóknarfrömuðirnir höfðu rangt fyrir sér í því að taka upp norska krónu og Kanadaadal. Og ótal öðrum málum. Skiptir þá engu að þeir eru arftakar flokksins sem rústaði félagslega – norræna – húsnæðiskerfinu; kom af stað fasteignabólunni með lánaaustrí til fólks sem getur ekki greitt þau; blés upp aðra bólu með Kárahnjúkavirkjun; blés upp enn aðra bólu með kvótakerfinu; gerði liðsodda sína að auðkýfingum á rússneska vísu með nálægð við valdastólana. Flokksins sem ríkti yfir Framsóknarára-

tugnum eins og hver önnur hæð yfir Grænlandi.

Gott og vel. Fólk telur – og kannski réttilega – að orrustan um Ísland geisi enn. Og að þeir sem berjast séu annars vegar erlendir „kröfuhafar“ og hins vegar „heimilin í landinu“. Það er áreiðanlega nokkur einföldun – kröfuhafarnir og hákarlarnir margir innlendir – og „heimilin“ misjafnlega illa leikin og margur laumufarþinginn þar sjálfsgagt veinandi um skjaldborg fyrir sig. Það breytir því ekki að þetta er frásögnin sem Framsókn býður upp á og mörgum þykir hún spennandi. Nú er fyrir dyrum næsta orrusta í þessu stríði: snjóhengjuorrustan. Kenningin er sú að Íslendingar hafi komið sér í svo ævintýrlegar skuldir erlendis að það verði í sjálfu sér að stórfelldri tekjulind fyrir „heimilin í landinu“ þegar þarf að fara að afskrifa þær. Í þau átök við „kröfuhafa“ þarf vissa óskammfeilni sem fólk trúir Framsóknarmönnum betur til en grandvörum og skilvísunum vinstri mönnum.

## Að missa plöttið

En vinstri menn gleymdu sér í annarri frásögn sem margt fólk á öllu erfiðara með að lifa sig inn í. Það er sagan um Hrunið – ekki bara bankanna heldur alls kerfisins, allra gilda, allra síða; að hrunið hafi verið „okkur öllum“ að kenna og að samfélagið yrði að taka upp nýtt fyrirkomulag allra hluta til að koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig. Þessi hugmynd var hin hliðin á hugmyndinni um Íslendinga sem mestu afbragðsþjóð heimsins – nú var hún orðin misheppnaðasta þjóð heims. Öll endurspegladist þessi hugsun og viðleitni í Stjórnarskrármálinu. Sú vinna bar vitni þeirri hugsun að stofna þyrfti nýtt lýðveldi – hið fyrri hefði brugðist; væri ónýtt og á engu væri byggjandi af því sem þjóðin hefði gert á fullveldistíma sínum.

Þetta er nokkuð ströng kenning og mörgu fólki hefur reynst erfitt að lifa sig inn í hana – ekki síst þegar vinstri menn hreinlega gátu ekki hætt að tala um stjórnarskrána sem ekki varð að veruleika – tóku sér stöðu

En samt ekki einskær hægri flokkur með tilheyrandi einkavæðingarhótanir: Þrjú lykilorð eru að baki velgengni Framsóknarmanna um þessar mundir: Heimilin – Icesave – þjóðrækni.

í ósigrinum miðjum en sýndu „heimilunum í landinu“ fullkomið áhugaleysi. Vinstri menn voru á kjörtímabilinu fjarska duglegir að sanna að þeir kynnu að skera niður ríkisútgjöld og standa sig gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum – væru ábyrgir – en áttuðu sig ekki á því að þetta var eiginlega eitruð blanda fyrir þá: annars vegar ábyrgðarkenndin gagnvart „kröfuhöfðunum“ og hins vegar hugmyndin um að samfélagið allt hefði á einhvern hátt „brugðist“ og byrja þyrfti allt upp á nýtt.

„Námið sameinar tæknilegar hliðar verkefnastjórnunar og mannlegra þætti sem eru nauðsynlegir til þess að ná árangri í verkefnum. Ég hef fengið tækifæri til að vinna að fjölbreyttum, raunhæfum verkefnum með fólki úr öllum starfsgreinum, aukið fræðilega þekkingu mína og efit samskiptafærni. Ég mæli hiklaust með þessu metnaðarfulla og hagnýta námi.“

Ósk Sigurðardóttir  
MPM-nám  
löjubjálfi og verkefnastjóri  
Barna- og unglingsgeðdeild LSH



## MPM

### MEISTARANÁM Í VERKEFNASTJÓRNUN

Opinn kynningarfundur um meistaranám í verkefnastjórnun í Háskólanum í Reykjavík, **miðvikudaginn 10. apríl kl. 17–18** í stofu V101.

MPM-nám er hagnýtt stjórnendanám með vinnu sem hentar þeim sem vilja stýra fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM TIL 30. APRÍL**



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Skráning á: [mpm@ru.is](mailto:mpm@ru.is)  
[www.hr.is](http://www.hr.is)

ASUS  
ZENBOOK™

HÖNNUN  
HRAÐI  
FEGURÐ

tl.is  
TÖLVU  
LISTINN

## SUMARBÚSTAÐALÓÐIR HRAUNBORGUM

- Þjónustumiðstöð
- Sundlaug og heitir pottar
- Níu holu golfvöllur
- Mini golf
- Hjólaleiga og sparkvöllur
- Útsýnisskífa
- Tjaldstæði /hjólhýsasvæði
- Frábært útivistarsvæði

*Eigum til ráðstöfunar nokkrar sumarþustaðalóðir á einu vinsælasta sumarþustaðasvæði landsins.*

Að Hraunborgum í Grímsnesi við Kiðjabeisveg eru nokkrar 5000m<sup>2</sup> lóðir til leigu með lóðarleigusamninga til 50 ára. Heitt og kalt vatn er á svæðinu og eru lóðirnar tilbúnar til afhendingar.

Hraunborgir eru í 70 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og eru í næsta nágrenni við margar helstu náttúruperlur landsins, þar er einnig kjörin aðstaða til útivistar.



Allar nánari upplýsingar:

[asgeir@sjomannadagsrad.is](mailto:asgeir@sjomannadagsrad.is) og í síma: 585 9301

Sjómannaáráð  
í Reykjavík og Hafnarfirði

# Vanræksla er ekki ofbeldi

Að undanfögnu hefur verið nokkuð um greinaskrif í fjölmiðlum um ofbeldi og vanrækslu. Því hefur verið haldið fram ítrekað að vanræksla sé ein tegund ofbeldis. Þetta er ekki rétt. Ofbeldi og vanræksla barna er hvort tveggja misbrestur á aðbúnaði barna. Hins vegar er grundvallarmunur á ofbeldi annars vegar og vanrækslu hins vegar. Í ofbeldi felst athöfn en í vanrækslu felst skortur á athöfn.

## BARNAVERNÐ



Freydis Jóna Freysteinsdóttir  
dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

skaða eða er líkleg til að valda barni skaða. Vanrækslu hefur verið skipt upp í fjóra megin flokka, líkamlega vanrækslu, vanrækslu í umsjón og eftirliti, vanrækslu varðandi nám og tilfinningalega vanrækslu. Líkamleg vanræksla eða vanræksla á grunnþörfum felur í sér að fæði, klæðnaði, hreinlæti, húsnæði eða heilbrigðisþjónustu barns er ábótavant. Vanræksla í umsjón

og eftirliti getur falið í sér að barni er hætta búin þar sem það hefur ekki þroska og getu til að hugsa um sig sjálf. Ýmsar undirgerðir eru til af vanrækslu í umsjón og eftirliti, t.d. geta börn verið skilin eftir ein heima eða óhæfur umönnunaraðili getur verið fenginn til að gæta þeirra. Vanræksla varðandi nám getur falið í sér að barn mæti ekki nægilega vel í skóla eða sinni ekki heimalærdómi af því það fær ekki viðunandi stuðning og aðhald foreldra til þess. Tilfinningaleg vanræksla getur falið í að ungt barn sem grætur fær ekki þá umhyggju sem það þarf á að halda.

## Afleiðingar ofbeldis og vanrækslu

Það er mikilvægt að hafa í huga að vanræksla er ekki síður skaðleg en ofbeldi. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem verða fyrir ofbeldi eða vanrækslu eða hvoru tveggja

→ **Dæmi um kynferðislegt ofbeldi er að káfa á kynferðislegum svæðum á barni eða að senda barni klúr sms-skilaboð.**

eru líkleg til að þurfa að kljást við ýmsar afleiðingar af því sem geta verið líkamlegar, hugrænar, félagslegar og tilfinningalegar. Dæmi um líkamlegar afleiðingar getur verið höfuðverkur eða magaverkur (sál-líkamleg einkenni). Börnum sem verða fyrir ofbeldi hættr til að dragast aftur úr í skóla og að eiga erfitt með að einbeita sér og vanrækt börn fá ekki nægilega hugræna örvun og geta þess vegna dregist aftur úr í þroska miðað við jafnaldra sína. Dæmi um félagslegar afleiðingar er t.d. skortur á félagslegri færni og dæmi um tilfinningalegar afleiðingar er áfallastreituröskun sem er sérstaklega hætt við eftir að barn hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Kvíði og þunglyndi eru einnig dæmi um tilfinningalegar afleiðingar ofbeldis og vanrækslu.

Í þessu stutta greinarkorni koma fram helstu tegundir ofbeldis og vanrækslu barna en einungis eru nefnd örfá dæmi. Þar sem afleiðingar ofbeldis og vanrækslu barna geta verið alvarlegar, er brýnt að tilkynna grun um slíkt til barnaverndaryfirvalda eða í Neyðarsíma 112.

# Innflutningsbann

Mikið lifandi skelfingar ósköp eru Íslendingar áhrifagjarnir og fljóttir að gleyma. Um eitt hundrað alvarlegir sjúkdómur lifa í búfé í Evrópu. Á Íslandi eru sjúkdómarnir teljandi á fingrum annarrar handar og þeir sem við glímum við flestir hingað komnir af mannavöldum. Umræðan af hálfu Verslunar og þjónustu hér heima um að Eftirlitsstofnanir EFTA skuli ætla að skoða hvort hægt sé að hrinda banninu veldur áhyggjum allra hugsandi manna. Margrét Guðnadóttir læknafrófessor o.fl. hafa sett fram sterk varnaðarorð um hættuna af innflutningi á hráu kjóti og telur að verði falli frá banninu gæti það valdið stórslysi í framtíðinni, hvað þá á lifandi dýrum.

Í ESB og á Íslandi eru miklir peningar settir í sjúkdómavarnir og baráttu til að halda sjúkdómum niðri. Hér telst landið nánast sjúkdómalaust og bústofnarnir meðal þeirra heilbrigðustu í heimi. Man einhver lengur kúariðu í Írlandi og írskar nautalundir í kjötborðum hér fyrir um tíu árum. Þá voru hjarðir nauta og kúa í ESB skotnar og brenndar á báli til að stöðva vagestinn, samt barst hann landa á milli. Kaupmennirnir sem seldu írsku nautalundirnar hér förguðu sínum birgðum einnig. Og fullvissuðu neytendur um að allt kjöt í kjötborðum sínum væri íslenskt. Síðan hafa flestar verslanir hér auglýsingu uppi við að allt kjöt sem þær selji í kjötborði sé af íslenskum gripum og margar verslanirnar prýða auglýsinguna með íslenska fánanum. Þetta mál er nefnilega dauðans alvara, ekki bara fyrir búféð heldur mannfólkið líka.

## Karakúlféð og hesturinn

Karakúlféð flutti svokallaða mæðiveiki til Íslands 1934 en til stóð að kynbæta íslenskar ær með hrútum af þessum stofni sem fluttir voru inn. Var það í því skyni að fá dýrmæt skinn af unglömbum. Karakúlféð var upprunnið í Asíu, það bar smitið í sér en var ekki veikt heldur ónæmt sjálf fyrir veikinni. En heilbrigður og einangraður sauðfjástofn hér á eyjunni var fljóttur að taka smitið. Og af þessum innflutningi hófst landplága eða faraldur sem fór um landið eins og sinueldur og varð að skera sauðfé í þúsundatali í flestum sýslum landsins. Og girða varnarlinur sem við þekkjum enn á sýslumörkum, sem enn fremur standa gegn sauðfjár-

## LANDBÚNAÐUR



Guðni Ágústsson  
fv. landbúnaðar-ráðherra

→ **Þetta mál er nefnilega dauðans alvara, ekki bara fyrir búféð heldur mannfólkið líka.**

riðu, annarri plágu. Þeir einstaklingar sem flytja inn hunda og ketti hingað vita að það er vegna dýraverndar og til sjúkdómavarnar að þessi dýr eru sett tímabundið í einangrun, sem sé varnir gegn sjúkdómum og til lífs dýrunum sem til eru í landinu. Það er engin goðgá að íslenskur hestur sem seldur er úr landi lítur aldrei fósturjörðina aftur. Þetta er gert af sömu ástæðu, til að fá ekki hrossasjúkdóma. Hingað hafa hins vegar borist pestir í hrossastofninn með skítugum fatnaði eða skóm með innlendum eða erlendum ferðamönnum, með alvarlegum afleiðingum og skaða. Á glæsilegu kúabúi hér á landi kom upp fyrir skömmu IBReveira, hvernig hún barst er enn óljóst. Þar er búið að skera hluta af nautgripunum til að stöðva pestina. Sagan og reynslan segir okkur að vitan séu til að varast þau, leikum okkur ekki að eldinum.

## Spyrjum google.is

Nýja-Sjáland lítur á sína búfjárfstofna og landbúnaðinn sinn sem dýrmætustu auðlind landsins. Og víðurlögin við að flytja inn hrátt kjöt eða taka áhættu eru hrikaleg þar. Hér vantar fróðleik í flugvél og við höfuðyr landsins um þessa hættu og hættuna af veiðigræjum útlinga sem gætu drepit og sýkt fiskistofna vatna og veiðianna. Hér þykir einhverju fólk þá sjálfsagt að brjóta þessar reglur og lög á bak aftur með því að kæra bannið til ESA. Og sjálfsagt halda einhverjir að bann á innflutningi á lifandi dýrum sé íslenskur „asnaskapur“ og afturhald þrátt fyrir gamla og nýja sögu um kvöl og dauða húsdýranna okkar. Og gríðarlegan fjárhagslegan skaða fyrir ríkið og einstaklinga sem heldur búfé, fyrir þjóðina alla. Hér þarf fræðslu og umræðu meðal almennings. Við skulum öll ræða þetta mál og rifja söguna upp þegar við borðum kvöldmatinn okkar í kvöld. Hann google.is getur hjálpað okkur, hann veit margt og segir okkur frá mörgu ef við spyrjum hann. Google getur kallað fram upplýsingar um hina skæðu sjúkdóma sem við erum laus við og leika búfjárfstofna um víða veröld grátt.

## Smyrsl úr lækningajurtum

Námskeið með Önnu Rósu Róbertsdóttur grasalækni

Á námskeiðinu fjallar Anna Rósa um algengar lækningajurtir sem notaðar eru í smyrsl. Sýnikennsla verður á staðnum, námsgögn og uppskrift fylgja og allir fá smyrsl með sér heim.

**Mánudaginn 15. apríl**

### Upplýsingar og skráning:

annarosa@annarosa.is

eða í síma 662 8328.

Verð kr. 6.900,-

Námskeið  
í Heilsuhúsinu  
Lágmála 5



Krafavik

mitsubishi.is

**Kynntu þér frábært verð á nýjum Outlander sem eyðir aðeins frá 5,5 l/100 km.**

## Nýr Mitsubishi Outlander

Outlander kostar frá

**6.190.000 kr.**

Intense 4x4, bensín, sjálfskiptur

## HANNAÐUR FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Nýr fjórhjóladrifinn Mitsubishi Outlander er ríkulega búinn staðal- og þægindabúnaði sem ásamt nýrri tækni eykur öryggi og veitir þér nýja akstursupplifun. Má þar nefna hraðastilli með fjarlægðarskynjara, akreinavara og árekstrarvörn sem allt er staðalbúnaður í grunngerðinni Intense.



# NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA



Nýju ofnarnir frá **AEG** búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú **30% stærra** en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



BE3003001-M

3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.



BE5303071-M

5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.



BE7314401-M

7 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum. Íslensk notendahandbók.



BP9304151-M

9 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Íslensk notendahandbók.

**Nú er tækifærið til að endurnýja:**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG  
OFNUM OG HELLUBORÐUM Í TAKMARKAÐAN TÍMA.**

Nýjar ofnalínur, 30% stærra innra rými en áður, alls 74 lítrar, sama utanmál.

Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.

Íslensk notendahandbók. Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.\*

\* 3.5% LANTÖKUGALD

## AÐ ELDA OG BAKA MEÐ **AEG**

Pegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

## FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

## AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkonnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.



OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18  
OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800  
www.ormsson.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
AKRANESI  
SÍMI 530 2870

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160



**RÝNT Í TILGÁTUHÚS** Guðrún Harðardóttir, sérfræðingur í byggingarsögu, flytur lokafyrirlesturinn í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.

## Rýnt í tilgátuhús

Lokafyrirlestur í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands fluttur í Þjóðminjasafninu.

Lokafyrirlestur í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands verður fluttur á morgun. Yfirskrift fyrirlestraradarinnar þessa vorönn var Hvað er sögulegur skáldskapur?

Að þessu sinni mun Guðrún Harðardóttir, sérfræðingur í byggingarsögu hjá Þjóðminjasafni Íslands, flytja erindi sem ber titilinn Skáldað í byggingarfinn? Í fyrirlestrinum verður gerð tilraun til að kortleggja til-

gátuteikningar og tilgátuhús sem reist hafa verið á Íslandi á undanförunum árum. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal og Eiríksstaðir í Haukadal eru dæmi um tilgátuhús sem risið hafa á síðustu árum. Þá verður einnig skoðað í hvaða samhengi tilgátuteikningar eru gerðar og tilgátubyggingar reistar. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og hefst klukkan 12.05.

**PETTA GERÐIST: 8. APRÍL 1989**

## Tónlistarmaðurinn Arban lést

Tónlistarmaðurinn Jean Baptiste Arban lést þennan dag árið 1889. Arban er kunnastur fyrir að hafa veitt kornett-hljóðfærinu brautargengi með kennsluáðferðum sem nefndar eru „aðferð Arbans“. Arban fæddist í Lyon í Frakklandi þann 28. febrúar árið 1825 og lést í París þann 8. apríl árið 1889. Um það leyti sem Arban fæddist var verið að þróa kornettið úr fyrirrennara þess, kornópean. Þegar Arban hóf leik á kornett

þurfti hann að komast yfir ýmsa galla til að ná því stigi í leiknum sem hann sóttist eftir. Markmið hans var að ná fram blæbrigðum flautunnar við leik á kornett, en flestir töldu hljóðfærið of klunnalegt til að það tækist. Með rannsóknum sínum og æfingum tókst Arban þó að koma hljóðfærinu á stall með vinsælustu hljóðfærum þess tíma Arban var ráðinn prófessor við Tónlistarskólann í París árið 1857 þar sem hann kenndi

nemendum á hljóðfærið. Hann þótti metnaðarfullur kennari og þegar skólinn stóð frammi fyrir skorti á kennsluefni, setti Arban saman mikla kennslubók sem byggðist fyrst og fremst á hans eigin tækni. Bókin heitir La grande méthode complète de cornet à piston et de saxhorn par Arban og er enn stuðst við hana í dag við kennslu á kornett og trompet.

Heimild: Visindavefur.hi.is



# Leika fjöruga tónlist eftir tékknesk tónskáld

Arnhildur Valgarðsdóttir og Hjörleifur Valsson koma fram á tékknesku tónlistarkvöldi í tengslum við Menningarvorið í Mosfellsbæ. Frítt er inn á tónleikaröðina.

Tónleikaröð í tengslum við Menningarvorið í Mosfellsbæ hefst annað kvöld. Tónleikaröðin fer fram þrjú þriðjudagskvöld í röð og á morgun verður sérstakt tékkneskt kvöld, þann 16. apríl franskt kvöld og lýkur röðinni svo með íslensku tónleikakvöldi. Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og Hjörleifur Valsson fiðluleikari munu leika eldfjöruga tónlist eftir tékknesku tónskáldin Smetana, Dvorak og Janacek annað kvöld.

„Ég hef verið að æfa tékkneska píanótónlist undanfarið því ég er að taka upp disk með tónlist eftir Dvorak og Hjörleifur stundaði tónlistarnám í Tékklandi. Það lá því beint við að óska eftir því að fá að spila tékkneska tónlist á Menningarvorið,“ segir Arnhildur þegar hún er innt eftir því af hverju tékknesk tónlist hafi orðið fyrir valinu.

Arnhildur segir tékkneska tónlist mjög þjóðlega og tilfinningaríka og lofar fjörugum tónleikum. Hjörleifur tekur undir þetta og segir tónlistarhefð landsins ríka. „Þjóðernisrómansinn er mjög ríkur í tékkneskri tónlistarhefð. Það er mikil og djúp tónlistarhefð í landinu og mörg af þekktustu tónskáldunum 19. aldar voru frá þessu svæði, til dæmis Gustav Mahler. Tékkland er mikil miðstöð fyrir tónlist og það mætti kalla hana eina af mörgum góðum tónlistarmekku heimsins,“ segir Hjörleifur og bætir við: „Það er þó rétt að geta þess að Tékkland skiptist í tvö svæði; Bæheim og Móravíu, og er tónlist þessara tveggja landshluta töluvert ólík. Janacek er höfuðskáld Mórava og tónlist hans er gædd mjög skýrum móróvskum stíl.“

Tónleikarnir fara fram í Bókasafni Mosfellsbæjar og hefjast klukkan 20 og er aðgangseyrir enginn. Í hléi verður boðið upp á Budweiser Budvar-bjórinn og Bercheroška, sem er tékkneskur kryddlíkjör búinn til úr tuttugu kryddjurtum eftir tvö hundruð ára gamalli uppskrift. Að tónleikunum loknum mun Erlingur Gíslason lesa upp úr ritverkinu Góða dánatanum Svejk og Hjörleifur heldur tölu um tónskáld kvöldsins út frá veru sinni í Prag. „Fyrsti fiðlukennari minn norður í landi var Tékki og þegar ég fermdist fékk ég ferð til Tékklands í fermingargjöf og heimsótti þá landið í fyrsta sinn. Eg stundaði svo tónlistarnám í Prag í þrjú ár. Ég mun segja stuttlega frá námsárunum og mínum fyrstu kynnum af þessum tónskáldum,“ segir Hjörleifur.

sara@frettabladid.is



**LEIKA TÉKKNESKA TÓNA** Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og Hjörleifur Valsson fiðluleikari leika tékkneska tónlist í Bókasafni Mosfellsbæjar annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## SPILAÐI FYRIR FORSETANN

Á námsárunum í Tékklandi lék Hjörleifur nokkrum sinnum fyrir Václav Havel, fyrrverandi forseta landsins. Havel var nífundi og jafnframt síðasti forseti Tékkóslóvakíu og fyrsti forseti lýðræðisríkisins Tékklands. Havel lést þann 8. desember árið 2011.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GÍSLI KRISTINN SIGURKARLSSON**  
lögfræðingur,  
Lágholtsgötu 10, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 2. apríl, verður jarðsönginn frá Neskirku fimmtudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Arnheiður Ingólfssdóttir**  
Ingólfur Gíslason  
Kristín Gísladóttir  
Roland Hamilton  
Flóki Ingólfsson

**Fjölbreytt úrval legsteina**  
**Frí áletrun og uppsetning**

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88  
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Graníthöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði  
www.granithollin.is  
Sími 555 38 88

Runar Geimundsson

Sigurður Rúnarsson

Eils Rúnarsson

Þorbjörg Þórháttardóttir

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**  
www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Útfararstofa

SVAFARS & HERMANNSS

---

571 8222  
820 3939 SVAFAR  
820 3938 HERMANN

Virðing Reynsla & Þjónusta  
Allan sólarhringinn

WWW.KVEDJA.IS

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur hluttekningu og samúð vegna fráfalls eiginkonu minnar, móður okkar og ömmu,

**AUÐAR GARDARSDÓTTUR**  
Bárugötu 35, Reykjavík,

og heiðruðu minningu hennar. Sérstakar þakkir sendum við öllu starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir hlýlegt viðmót, umönnun og hjúkrun, sem sannlega var til fyrirmyndar.

**Jóhannes Bergsveinsson**  
börn og barnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**AUÐUNN VALDIMARSSON**  
Kriuhólum 2, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 4. apríl á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.  
Útförin auglýst síðar.

**Gréta Oddsdóttir**  
Puriður L. Auðunsdóttir  
Valdimar Auðunsson  
Sæunn Auðunsdóttir  
Steingrímur og Bjarkar Þormóðssynir

**P. Skorri Steingrímsson**  
Julia Doppler  
Róbert Ó. Skúlason



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

grønn  
apríl

Umhverfisátak

Heimilisúrgang, svo sem matarleifar eins og ávexti, grænmeti, brauð, eggjaskurn, kjöt, fisk, tepoka og kaffikorg er hægt að nýta við heimajarðgerð. Að auki er hægt að nýta nær allan úrgang sem til fellur í garðinum. Við jarðgerð er lífrænum úrgangi breytt í miltu.

**LISTALAGERINN** SAUNDERS WATERFORD DESIGN

Eigum gott úrval af myndlistarvörum.

T.d Olíu, vatns og akríllitir, íblöunarefni striga í rúllum, blindramma, ástrekta blindramma, vatnslitapappír, pensa, Einnig vandaðar trönur frá Mabef Galleribrautir frá ArtiTec og margt fl..

**JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík -  
S: 58 58 900 - www.jarnkler.is



**ÁFERÐ OG FORM** Í steypunni felast miklir möguleikar hvað form varðar. Á hliðum bekkjarins má sjá textílaferð sem unnin var upp úr ljósmyndum af smágróðri. MYND/EVA BJÖRK ÆGISDÓTTIR

## HANNA ÚR STEYPU

**ÍSLENSK HÖNNUN** Rúna Thors og Hildur Steinþórsdóttir nýttu sér innlenda framleiðslumöguleika og tækni þegar þær hönnuðu bekkinn Klett.

Nýtt útihúsgagn, steinsteyptan garðbekk, unnu þær Rúna Thors vöruhönnuður og Hildur Steinþórsdóttir arkitekt, í samvinnu við FabLab á Sauðárkróki og Steypustöðina. Bekkurinn kemur á markaðinn nú í vor en Steypustöðin framleiðir bekkinn. Hann var frumsýndur á HönnunarMars.

„Áhugi okkar beggja á steypu varð kveikjan að þessu samstarfi,“ segir Rúna. „Okkur þóttu líka þau form sem þegar eru sýnileg úr steypu, full ferköntuð en í steypunni felast miklir möguleikar, hún getur fylgt hvaða formi sem er.“ Rúna segir þær einnig hafa viljað sýna fram á þá möguleika sem eru fyrir hendi á Íslandi, bæði í tæknivinnslu og framleiðslu og hverju samvinna hönnuða og framleiðslufyrirtækja getur skilað. „Ef hægt er að sýna fram á hvað er hægt að gera hér kveikir það vonandi bæði í hönnuðum og innlendum framleiðendum um samstarf. Samvinnan við

steypustöðina gekk frábærlega vel.“

Bekkurinn fékk nafnið Klettur og segir Rúna þær hafa sótt innblásturinn í náttúruna og einnig hafi þær viljað tengja áferðina á steypunni við náttúruna. „Nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík unnu fyrir okkur textíl upp úr ljósmyndum af lyngi. Textílinn var hægt að skanna inn hjá FabLab á Sauðárkróki og fræsa út í mót,“ útskýrir Rúna en áferðin kemur fram í hliðum bekkisins.

„Við gátum unnið mótél af bekknum hjá FabLab en sjálft mótið var smíðað hjá Batahöllinni á Hellissandi. Steypustöðin steypir í mótið og sér um framleiðslu á bekknum. Við hugsum hann bæði fyrir almenningsrými og í heimilisgarða en það er hægt að sitja á honum tvo vegu. Í framhaldinu er svo ætlunin að hanna fleiri vörur í kringum Klett; blómaker og minni sæti, stóla eða kolla og jafnvel borð,“ segir Rúna.

■ heida@365.is



**NÝTA ÍSLENSKT** Rúna Thors og Hildur Steinþórsdóttir nýttu sér íslenska framleiðslumöguleika og tækni við hönnun bekkjarins Kletts. Bekkurinn kemur á markaðinn nú á vordögum. MYND/EVA BJÖRK ÆGISDÓTTIR

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA**

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



**TUDOR SKORRI TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

**Fermingar tilboð**

12 mán. vaxtalausar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

**VALHÖLL**  
Svæðisskipt heilsudýna  
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum  
Stærð 120x200 cm  
**Tilboðsverð kr. 74.900.-**

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Jónína María Hafsteinsdóttir**  
jmh@365.is s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson**  
sverrirbs@365.is, s 512 5432  
**Elsa Jensdóttir**  
elsaj@365.is s. 512-5427



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



## MARMARI VINSÆLL

**VÖKTU EFTIRTEKT** Innskotsborð eftir húsgagna- og innanhúshönnuðinn Ólöfu Jakobínu Ernudóttur vöktu athygli á HönnunarMars, bæði innanlands- og utan. Borðplatan er úr marmara en fæturnir úr járni, sem fer vel saman.

Húsgagna- og innanhúshönnuðurinn Ólöf Jakobína Ernudóttir kynnti innskotsborðin Marmo á nýafstöðnum HönnunarMars. Borðplatan er úr marmara en fæturnir úr járni. „Ég er frekar hrifin af marmara um þessar mundir en það eru reyndar fleiri og má segja að um hálfgerða tiskubylgju sé að ræða. Hugmyndina að borðfótunum fékk ég svo frá gömlum járnkörfum. Útkoman er bara nokkuð skemmtileg og virðast fleiri á sama máli enda hafa borðin fengið talsverða umfjöllun,“ segir Ólöf en fjallað hefur verið um þau bæði á innlendum og erlendum vettvangi; meðal annars á Cool Hunting og Emmas Designblogg, sem eru víðlesin hönnunarblogg.

Fæturnir eru dufthúðaðir í dökkgráum og ljósbláum lit og fara borðin vel tvö saman. Enn sem komið er er

aðeins um frumgerðir að ræða en Ólöf Jakobína vinnur að því að finna framleiðanda. En hefur þú hug á að gera eitthvað meira í þessum anda? „Já, það er vel hugsanlegt. Ég get til dæmis séð fyrir mér sófaborð í svipuðum stíl.“

Ólöf Jakobína er afkastamikill hönnuður og reynir alltaf að taka þátt í HönnunarMars. „Hann ýtir undir að maður komi einhverju í verk og mér finnst gott að hafa að einhverju að stefna eftir jóla-vertíðina.“ Ólöf hefur verið í samstarfi við leirkerasmiðinn Guðbjörgu Káradóttur í nokkur ár og hanna þær undir merkinu Postulína. Á HönnunarMars sýndu þær nýjar postulínsskálar sem fara í framleiðslu á næstunni. Þá hafa hún og arkitektinn Þorleifur Eggertsson gert flugvélaóróa úr rekaviði sem þau frumsýndu við sama tækifæri.

■ vera@365.is



**AFKASTAMIKIL**  
Ólöf Jakobína er afkastamikill hönnuður. Hún er auk þess matarstílisti Gestgjafans.  
MYND/RAKEL ÓSK SIGURDARDÓTTIR



**Lagerhillur**  
í öllum stærðum  
á hagstæðu verði.

Afar auðvelt í uppsetningu

**Ísold ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á  
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



**OKKAR BAKARÍ**

**GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ**

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur

Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á [www.okkarbakari.is](http://www.okkarbakari.is) og á [facebook.com/okkarbakari](https://facebook.com/okkarbakari)

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 80 70

## SKEMMTILEGUR BÓKASTÓLL

Bókastóllinn Málfríður er til sýnis á fimmtu hæð Borgarbókasafnsins við Tryggvagötu í Reykjavík. Stóllinn er hannaður af Sunnu Ósk hjá SOSK design og var upphaflega hluti af sýningu hennar á HönnunarMars. Bókastóllinn vakti töluverða athygli og hefur því verið lengur til sýnis á safninu. „Stóllinn heitir Málfríður eftir einni af formæðrum mínum. Ég valdi nafnið því það er sterkt eins og stóllinn og því mjög viðeigandi.“ Þótt stóllinn teljist frekar vera listaverk en hefðbundinn stóll má þó bæði nýta hann sem bókahillu og stól. „Það er hægt að nýta hann sem geymslustað fyrir bækur og leggja þær yfir stálarmana þegar maður hættir að lesa hverju sinni. Svo er lítið mál að setja sessur í stóllinn og nota sem hefðbundinn stól en hafa um leið bækur á örmum hans og að framan og aftan og auka þannig notagildi hans.“



**MÁLFRÍÐUR** Það er lítið mál að setja sessur í stóllinn og nota sem hefðbundinn stól.

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulfrú



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarisdóttir  
sölufulfrú



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

## Endaraðhús í Kópavogi

Eignamiðlun kynnr: Glæsilegt endaraðhús. OPIÐ HÚS í Blikahjalla 6, Kópavogi, á morgun kl. 17.15 til 17.45.

**T**vílyft 198,3 fm endaraðhús á fallegum útsýnisstað. Á neðri hæðinni er innbyggður bílskúr, forstofa, eitt herbergi, snyrting, innra hol og um 50 fm útgrafið rými sem skiptist í herbergi, stórt fataherbergi og geymslu. Húsið er því tæplega 250 fm að stærð. Á efri hæðinni eru stórar, glæsilegar stofur, eldhús, þvottahús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Lóðin er mjög glæsileg. Hún er stölluð og með góðri verönd, stóru upphitðu bílplani fyrir fjóra bíla og fleira.

Flísalögð er forstofa og gestasnyrting en inn af forstofunni er parketlagt herbergi og flísalögð snyrting. Inn af holinu er gengið inn í óuppfylt um 50 fm rými sem skiptist í stórt parketlagt herbergi sem er með miklum skápum, stórt parketlagt fataherbergi og rúmgóða geymslu.



Glæsilegt endaraðhús við Blikahjalla í Kópavogi.

Innangengt er í um 32 fm bílskúr. Úr holinu er flísalagður stigi með stálhandriði og öryggisgleri en þaðan er komið inn í mjög stórt rými sem skiptist í hol, eldhús, borðstofu og dagstofu. Rýmið er fyrir allri suður- og vesturhlíð hússins og er mjög bjart og með góðri lofthæð.

Á gólfum er parket og flísar. Eldhúsið er með sérsníðaðri mikilli ljósri innréttingu og góðum borðkrók.

Inn af eldhúsinu er þvottahús með góðri innréttingu. Til hægri

úr holinu (til norðurs) er baðherbergi og tvö parketlögð herbergi. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf. Það er bæði með baðkeri og sturtuklefa, glugga, handklæðafni og vandaðri innréttingu. Gengið er út á lóðina úr stofunni en þar eru góðir pallar til norðurs og mikill gróður. Stórar svalir er á suðvesturhorni hússins.

Hér er um mjög glæsilega eign að ræða. Upplýsingar gefur Þórarinn M. Friðgeirsson, löggiltur fasteignasali, s. 899-1882 eða [thorarin@mignamidlun.is](mailto:thorarin@mignamidlun.is).



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

### FASTEIGNASALAN BÆR

[www.fasteignasalan.is](http://www.fasteignasalan.is)

## Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða [audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Sími 824 7772



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulfrú

[audur@fasteignasalan.is](mailto:audur@fasteignasalan.is)

Auður Kristinsdóttir



FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA

820 8081

Sýlvía G. Walthersdóttir  
[sylvia@remax.is](mailto:sylvia@remax.is)

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • [WWW.REMAX.IS](http://WWW.REMAX.IS)

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)



KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

#### Flyðrugrandi 10, íbúð 101 - 107 Reykjavík



OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG

Laus strax

Mjög falleg 65,1 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Flyðrugrandi 10 í Reykjavík. Eignin er með nýjum innréttingum, nýjum gólfefnum og ný máluð. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 24,9 m.

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 9. APRÍL FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00

#### Skipasund 18 - 104 Reykjavík



OPIÐ HÚS

96,8 m<sup>2</sup> sérhæð með risi og 31,2 m<sup>2</sup> bílskúr í tvíbýlishúsi við Skipasund 18 í Reykjavík. Aðalhlæðin skiptist í forstofu, gang, tvær samliggjandi stofur, eldhús, baðherbergi og svefnherbergi. Rísið skiptist í stóra stofu og svefnherbergi, ásamt geymslum undir súð. V. 29,9 m.

OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00

#### Skipasund 18, kjallari - 104 Reykjavík



OPIÐ HÚS

66,9 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Skipasund 18 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í gang, tvö herbergi, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og geymslu. V. 19,9 m.

OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00



#### Kleppsvegur 22 - 105 Reykjavík

Falleg 71,2 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð við Kleppsveg 22 í Reykjavík. Eignin skiptist í hol, svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Íbúðinni fylgir 5,9 m<sup>2</sup> sérgeymsla í sameign. V. 16,9 m.



#### Stórákur 4 - 210 Garðabær

Vel staðsett 742 m<sup>2</sup> eignarlóð við Stórákur 4 í Akrahverfinu í Garðabæ. Lóðin er staðsett í botnlanga og er skammt frá grunnskóla og framhaldskóla. V. 19,0 m.



#### Hlíðarás 45 - 221 Hafnarfjörður

Til sölu 273,3 m<sup>2</sup> einbýlishús í byggingu við Hlíðarás 45 í Hafnarfirði. Húsið er í byggingu í dag, búð er að reisa neðri hæðina og gólfplötu efri hæðar. V. 26,3 m.

#### Laugavegur 32 - 101 Reykjavík



72,5 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði á afar góðum stað við Laugaveg 32 í Reykjavík. Eignin er í leigu í dag fyrir 350 þ. á mánuði. Húsnæðið skiptist í dag í verslun, salerni, eldhúskrök og geymslurými. V. 39,0 m.

#### Hagamelur 38 - 107 Reykjavík



Rúmgóð og björt 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr í fallegu fjölbýlishúsi við Hagamelur 38 í Reykjavík. Eignin skiptist í rúmgott hol, 3-4 svefnherbergi, eldhús með borðkrók, stóra stofu, borðstofu og baðherbergi. Auk þess fylgir geymsla í kjallari og bílskúr. V. 47,5 m.

#### Hjallahlíð - 270 Mosfellsbær



Falleg 3-4ra herbergja, 94 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð með sérinnangi í litlu fjórþýli við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi (hægt að bæta við svefnherbergi), baðherbergi, rúmgóða stofu og borðstofu og eldhús. V. 24,7 m.

#### Stórikriki 10 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 225,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Stórikriki 10 í Mosfellsbæ. Eignin er mjög vel skipulögð með fallegri innfelldri lýsingu og mikilli lofthæð, glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. V. 59,9 m.

#### Tröllateigur 30 - 270 Mosfellsbær



Stórglæsilegt 211,9 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum við Tröllateig 30 í Mosfellsbæ. Glæsilegar sérsníðaðar innréttingar og falleg gólfefni. Ca. 100 m<sup>2</sup> timburverönd í suðvestur. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 49,9 m.

Laus strax



**Jón Guðmundsson**  
Sölustjóri  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Páll Þórólfsson**  
Sölumabur  
pall@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

| DEAD MAN DOWN             | KL. 10:30            | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:30             | 10 |
| THE CROODS 3D             | KL. 5:50             | L  |
| THE CROODS 2D             | KL. 5:50             | L  |

**AKUREYRI**

|                          |               |    |
|--------------------------|---------------|----|
| SIDE EFFECTS             | KL. 10:10     | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR     | KL. 8 - 10:10 | L  |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8         | 12 |

# Varahlutir í bíla



**Framúrskarandi** fyrirtæki 2012

**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stiling@stilling.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**HANNAH ARENDT**

sló í gegn á þýskum kvikmyndagögum!

**CHASING ICE**

**JAGTEN**

## BÍÓ PARADÍS

|                   |      |                     |
|-------------------|------|---------------------|
| ON THE ROAD       | (16) | 17:40, 20:00, 22:20 |
| CHASING ICE       | (L)  | 20:00               |
| HANNAH ARENDT     | (12) | 17:50, 20:00        |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 22:00        |
| DÁVALDURINN       | (16) | 22:10               |

BÍÓ PARADÍS KLÓBBURINN: bioparadis.is/klubburinn  
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTUR GEGN FRAMMÍSIN SKRITENIS!  
SAMÍ AFSLÁTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.



VAXTALAUSAR  
**12 MÁN**  
 AFBORGANIR  
 3,5% lántökugj.

EINFÖLD ÁKVÖRÐUN  
**VELDU ÖRYGGI**  
 FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

# ÞÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG



**Continental**

**NANKANG**

**HANKOOK**  
 driving emotion

**Mastercraft**  
 JEPPEDEKK



Dekkjaverkstæði



Smurþjónusta



Smáviðgerðir



Hjólstillingar



Bremsuklossar



Rúðupurrkur




Rúðuvökvi



Rafgeymar



Peruskipti



**SÓLNING**  
*Renndu við*

[www.solning.is](http://www.solning.is)

Smíðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000

Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121

Rauðhelli 11, Hfj ☎ 568 2035

Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399

Eyrarvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722

– UMBODSMENN UM LAND ALLT –

## NÝTT OG SPENNANDI!

### Fjölskyldumáltíð fyrir 2-4 manns



**1995** kr. bakkinn  
Boeuf Bourguignon, nautakjötsréttur



**1995** kr. bakkinn  
Kjúklínka karriréttur



**1995** kr. bakkinn  
Marbella kjúklínkur



**1995** kr. bakkinn  
Sítrónukjúklínkur

EXPO • www.expo.is  
Öll verð en bit með Tyrnaa um þrennillur og þá myndabringi.



**SKORAÐI SIGURMARKIÐ** Alexander Petersson reyndist hetja Íslands í gær. Hér hleypur hann til baka eftir að hafa skorað eitt þriggja marka sinna í leiknum. Aron Pálmarsson og Snorri Steinn Guðjónsson fylgja á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Strákarnir tryggðu EM-sætið á mettíma

Ísland er öruggt með sæti á EM í Danmörku á næsta ári eftir frækilegan sigur á Slóveníu, 35-34, í Laugardalshöllinni í gær. Strákarnir sendu skýr skilaboð með tveimur sigrum á öfluglu liði Slóvena sem hafnaði í fjórða sæti á síðasta HM.

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar geta byrjað að undirbúa förina til Danmerkur í janúar á næsta ári en Ísland er öruggt með sæti á EM eftir sigur á Slóveníu í Laugardalshöllinni í gær, 35-34. Ísland er því enn með fullt hús stiga á toppi síns riðils í undankeppninni.

Sigurinn í gær var svipaður þeim í Slóveníu á miðvikudaginn var. Slóvenar höfðu frumkvæðið framan af en Íslendingar unnu sig aftur inn í leikinn með góðum sóknarleik og mikilli baráttu.

Eftir spennandi lokamínútur náði Alexander Petersson að tryggja Íslandi sigurinn með marki tíu sekúndum fyrir leiklok. Slóvenar misstu boltann í lokasókn sinni, rétt eins og í fyrri leiknum, og Ísland fagnaði sigri.

Alexander sýndi í þessum tveimur leikjum hversu dýrmætur hann er íslenska liðinu, þrátt fyrir erfið axlarleiðslu sem kostuðu hann þátttöku á HM í janúar. Hann spilaði þjáður í gær eins og alla leiki en stóð uppi sem sigurvegari.

Þáttur fyrirliðans Guðjóns Vals

Sigurðssonar var þó hvað stærstur, eins og svo oft áður í undankeppninni. Hann skoraði þrettán mörk í gær og er kominn með alls 43 mörk í undankeppninni allri, þar sem Guðjón Valur er næstmarkahæstur allra leikmanna.

Aron Pálmarsson var einnig frábær í gær og skoraði níu góð mörk. Snorri Steinn kom einnig mjög sterkur inn enda sóknarleikur íslenska liðsins mjög góður.

Leikur Íslands í gær var þó ekki gallalaus. Markvarsla var á löngum köflum ekki til staðar og áhyggjuefni að Björgvin Páll Guðavasson, sem hefur reynt Íslandi svo vel í gegnum tíðina, fann sig engan veginn. Aron Rafn Eðvarðsson átti fína spretti inn á milli en Slóvenar fengu allt of mörg auðveld mörk í gær.

Varnarleikurinn var köflóttur og strákarnir sjálfsgagt ekki ánægðir með að hafa fengið á sig átján mörk í fyrri hálfleik.

Þeir þurftu því að hafa mikið fyrir sigrinum í gær og mótlætið var stundum mikið. Ekki síst þegar Ísland fékk tvívegis tveggja

mínútna brottvísun á lokamínútnum. En strákarnir kláruðu sitt með sóma og var landsliðsþjálfarinn ánægður með það.

„Strákarnir sýndu mikla og góða skapgerð. Sigurviljinn í þessu liði er gríðarlega mikill,“ sagði Aron Kristjánsson við Fréttablaðið í gær. „Við vorum í eltingarleik í fyrri hálfleik en náðum svo að laga nokkur atriði í þeim síðari, auk þess sem þeir þreyttust á að keyra upp hraðann eins og þeir gerðu framan af. Við höldum okkar dampi og það hlaut svo að koma að því að þetta myndi snúast okkur í vil. Enda fannst mér leikurinn snúast okkur í vil þegar við náðum að jafna og komast svo yfir [þegar tíu mínútur voru eftir],“ sagði Aron.

Síðustu leikirnir í undankeppninni fara fram í júní og þó svo að EM-sætið sé tryggt vilja strákarnir vafalaust hirða toppsætið líka. Engu að síður verður það skemmtileg tilbreyting að fara inn í júnímánuð með þátttökur á næsta stórmóti tryggðan.

eirikur@frettabladid.is

## Pökkum Kára fyrir að fylla Höllina

Guðjón Valur Sigurðsson sagði það eintóma gleði að tryggja Íslandi sæti á EM.

**HANDBOLTI** „Það er frábært að vinna þetta lið og það er líka frábært að skora 35 mörk. Það er yfir litlu að kvarta þó við hefðum getað fengið aðeins færri mörk á okkur. Það er gleði, gleði, gleði að vera hérna heima og spila í Höllinni og tryggja sig áfram,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði Íslands, eftir eins marks sigurinn á Slóveníu í gær.

Hann þakkaði Kára Kristjáni Kristjánsson sérstaklega fyrir að hafa fyllt Höllina en fólk byrjaði að streyma inn í Laugardalshöllina um leið og hún var opnuð, 50 mínútum fyrir leik, og var fljótt þétt setið.

„Ég vil þakka Kára sérstaklega fyrir hans hlut í að kynna þennan leik. Hann hlýtur að fá prósentur af innkomunni. Ég kem á fundi með Einari og honum. Þetta var

sníðug markaðstækni hjá honum ef þetta er svo síðan bara djók. Ég veit ekki enn þá hvað kemur út úr þessu,“ sagði Guðjón Valur og vísar til þess að félag Kára, Wetziar, sagði upp samningi hans eftir leikinn í Slóveníu eins og mikið var fjallað um í aðdraganda leiksins.

Guðjón Valur skoraði 13 mörk fyrir Ísland og félagi hans á vinstri vængnum, Aron Pálmarsson, bætti níu mörkum við. Aron líkt og Guðjón var hæstánægður með að ná að landa sigri.

„Það sýnir gríðarlegan karakter að ná fjórum stigum úr þessum tveimur leikjum. Þeir eru með heimsklassaleikmenn í öllum stöðum og nokkra á bekknum. Við sýndum mikinn styrk að klára þetta og tryggja sætið í Danmörku. Nú er bara að klára riðilinn með fullt hús stiga.“



**13 MÖRK** Guðjón Valur var markahæstur hjá Íslandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/



## ÚRSLIT

### UNDANKEPPNI EM 2014

#### 6. RIÐILL

##### ÍSLAND - SLÓVENÍA 35-34 (15-18)

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 13/5 (15/6), Aron Pálmarsson 9 (14), Snorri Steinn Guðjónsson 5 (6), Alexander Petersson 3 (4), Þórir Ólafsson 2/1 (3/2), Ólafur Gústafsson 1 (2), Róbert Gunnarsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (3).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 12 (37/1, 32%), Björgvin Páll Gústafsson 1 (10/2, 10%).

Hraðaupphlaup: 7 (Guðjón Valur 4, Aron 2, Snorri Steinn 1)

Fiskuð víti: 8 (Aron 2, Alexander 2, Ásgeir Örn 2, Snorri Steinn 1, Kári Kristján 1)

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Slóveníu (skot): Nenad Bilbija 9 (12), Gašper Marguc 8/3 (9/3), Jure Dolenc 6 (8), Luka Žvižej 4 (4), Miha Žvižej 2 (3), Sebastian Skube 2 (5), Jure Dobelšek 1 (1), David Miklavcic 1 (1), Marko Bezjak 1 (3), Vid Kavcicnik (2).

Varin skot: Prošt Primož 10/1 (38/6, 26%), Gorazd Škof 3/1 (10/2, 30%).

Hraðaupphlaup: 7

Fiskuð víti: 3 (Miha Žvižej 2, Skube 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

##### HVÍTA-RÚSSLAND - RÚMENÍA 31-25

#### STADAN

|              |   |   |   |   |         |   |
|--------------|---|---|---|---|---------|---|
| Ísland       | 4 | 4 | 0 | 0 | 137-120 | 8 |
| Hvíta-Rússl. | 4 | 2 | 1 | 1 | 125-124 | 5 |
| Slóvenía     | 4 | 1 | 1 | 2 | 128-122 | 3 |
| Rúmenía      | 4 | 0 | 0 | 4 | 112-136 | 0 |

### DOMINO'S-DEILD KARLA

#### UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

##### GRINDAVÍK - KR 95-80 (43-43)

Stig Grindavíkur: Samuel Zeglinski 32/10 fráköst/8 stoðsendingar, Aaron Broussard 21/11 fráköst/5 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21/8 fráköst, Ryan Pettinella 8, Jóhann Árni Ólafsson 7/8 fráköst, Þorleifur Ólafsson 4, Davíð Ingi Bustion 2.

Stig KR: Brandon Richardson 19/6 stoðsendingar, Martin Hermannsson 16, Brynjar Þór Björnsson 11/4 fráköst, Helgi Már Magnússon 10/7 fráköst, Finnur Atli Magnússon 9/4 fráköst, Kristófer Acox 8/9 fráköst, Darshawn McClellan 5/6 fráköst, Jón Orri Kristjánsson 2.

Staðan í einvíginu er 2-1, Grindavík í vil. Næsti leikur er á fimmtudagskvöldið.

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

#### UNDANÚRSLIT, 2. LEIKUR

##### VALUR - KEFLAVÍK 74-82 (39-39)

##### KR - SNÆFELL 59-61 (34-30)

Staðan í báðum einvígum er jöfn, 1-1. Liðin mætast næst á miðvikudagskvöld.

### N1-DEILD KVENNA

#### FJÓRDUNGSÚRSLIT, 2. LEIKUR

##### HK - STJARNAN 27-29 (13-15)

##### FH - ÍBV 19-25 (9-14)

##### GRÓTTA - FRAM 20-31 (9-12)

##### HAUKAR - VALUR 21-32 (9-14)

Einvígum lauk öllum 2-0. Valur mætir Stjörnunni í undanúrslitum og Fram leikur gegn ÍBV. Fyrstu leikirnir fara fram á föstudagskvöldið.

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

#### READING - SOUTHAMPTON 0-2

0-1 Jay Rodríguez (34.), 0-2 Adam Lallana (72.).

#### NORWICH - SWANSEA 2-2

0-1 Michu (35.), 1-1 Robert Snodgrass (40.), 2-1 Michael Turner (60.), 2-2 Luke Moore (75.).

#### STOKE - ASTON VILLA 1-3

0-1 Gabriel Agbonlahor (9.), 1-1 Michael Kightly (80.), 1-2 Matthew Lowton (87.), 1-3 Christian Benteke (91.).

#### WEST BROM - ARSENAL 1-2

0-1 Tomas Rosický (20.), 0-2 Tomas Rosický (50.), 1-2 James Morrison, víti (71.).

#### LIVERPOOL - WEST HAM 0-0

#### TOTTENHAM - EVERTON 2-2

1-0 Emmanuel Adebayor (1.), 1-1 Phil Jagielka (15.), 1-2 Kevin Mirallas (53.), 2-2 Gylfi Þór Sigurðsson (87.).

#### CHELSEA - SUNDERLAND 2-1

0-1 Cesar Azpilicueta, sjálfsmark (45.), 1-1 Matthew Kilgallon, sjálfsmark (47.), 2-1 Branislav Ivanovic (55.).

#### NEWCASTLE - FULHAM 1-0

1-0 Papiss Cisse (93.).

#### QPR - WIGAN 1-1

1-0 Loic Remy (85.), 1-1 Shaun Maloney (94.).

#### STADAN

|             |    |    |    |    |       |    |
|-------------|----|----|----|----|-------|----|
| Man. United | 30 | 25 | 2  | 3  | 70-31 | 77 |
| Man. City   | 30 | 18 | 8  | 4  | 55-26 | 62 |
| Chelsea     | 31 | 17 | 7  | 7  | 61-33 | 58 |
| Tottenham   | 32 | 17 | 7  | 8  | 55-40 | 58 |
| Arsenal     | 31 | 16 | 8  | 7  | 61-34 | 56 |
| Everton     | 31 | 13 | 13 | 5  | 49-37 | 52 |
| Liverpool   | 32 | 13 | 10 | 9  | 59-40 | 49 |
| West Brom   | 32 | 13 | 5  | 14 | 42-43 | 44 |
| Swansea     | 32 | 10 | 11 | 11 | 43-42 | 41 |
| Fulham      | 31 | 10 | 9  | 12 | 43-47 | 39 |
| Southampton | 32 | 9  | 10 | 13 | 46-53 | 37 |
| West Ham    | 31 | 10 | 7  | 14 | 35-44 | 37 |
| Newcastle   | 32 | 10 | 6  | 16 | 42-56 | 36 |
| Norwich     | 32 | 7  | 14 | 11 | 30-49 | 35 |
| Stoke       | 32 | 7  | 13 | 12 | 28-39 | 34 |
| Aston Villa | 32 | 8  | 9  | 15 | 35-59 | 33 |
| Sunderland  | 32 | 7  | 10 | 15 | 34-45 | 31 |
| Wigan       | 31 | 8  | 7  | 16 | 37-57 | 31 |
| QPR         | 32 | 4  | 12 | 16 | 29-52 | 24 |

# Gylfi og Kolbeinn báðir á skotskónum

Gylfi tryggði Tottenham 2-2 jafntefli í öðrum leiknum í röð og Kolbeinn hjálpaði Ajax að komast á toppinn.

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson voru báðir á skotskónum með liðum sínum í gær. Gylfi tryggði Tottenham jafntefli, 2-2, gegn Everton en úrslitin þýða að Tottenham, sem er með 58 stig, er dottið niður í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Chelsea (58 stig) hoppaði upp í þriðja sætið með 2-1 sigri á Sunderland en Arsenal (56 stig) er skammt undan í fimmta sætinu.

Gylfi hefur nú skorað sex mörk alls á tímabilinu, þar af tvö í deildinni. Þetta er í annað skipti á fám

dögum sem hann tryggir Tottenham 2-2 jafntefli en það gerði hann einnig gegn Basel í Evrópu deildinni á fimmtudagskvöldið.

Kolbeinn skoraði eitt mark og lagði upp annað þegar Ajax vann 4-0 sigur á Heracles í hollensku úrvalsdeildinni en með sigrinum komst Ajax upp fyrir PSV og þar með aftur í toppsæti deildarinnar.

Þetta var annað mark Kolbeins í deildinni síðan hann sneri aftur eftir meiðslum. Hann skoraði einnig í 3-0 sigri á PEC Zwolle þann 10. mars.




ÖFLUGUR Gylfi fagnar marki sínu í gær með Clint Dempsey.

NORDICPHOTOS/GETTY

Í KVÖLD KL. 18:45

## MAN. UTD. MAN. CITY

TOPPLIÐIÐ FÆR MEISTARANA Í HEIMSÓKN Á OLD TRAFFORD



## ÚRSLITALEIKIRNIR Í ENSKA BOLTANUM

Risaleikur ársins verður á Old Trafford, þegar toppliðið fær granna sína og ríkjandi meistara í heimsókn. Um leið harðnar barátta hinna stórliðanna um sæti í Meistaradeildinni að ári. Sjáðu besta boltann í leiftrandi háskerpu!

SPORT 2 HD 14. APRÍL KL. 14:45  
CHELSEA – MAN. CITY

SPORT 2 HD 21. APRÍL KL. 14:45  
LIVERPOOL – CHELSEA

SPORT 2 HD 21. APRÍL KL. 12:20  
TOTTENHAM – MAN. CITY

SPORT 2 HD 28. APRÍL KL. 14:45  
ARSENAL – MAN. UTD

Síminn ICELANDAIR IOL Coca-Cola

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

SPORT 2 HD

# Vistvænar rekstrarvörur

- fyrir þig og umhverfið




Engin ólykt



Engar stíflur í klósetti



Engar stíflur í frárennislögnum



**BIO TECH** BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salernum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotþróm.

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**MEISTARAR** Bayern tryggði sér þýska meistaratitilinn á laugardaginn en engu liði hefur áður tekist það svo snemma tímabils þar í landi. Hér er þjálfarinn Jupp Heynckes tolleraður. NORDICPHOTOS/GETTY

## Toppliðin stungin af

Bayern München tryggði sér meistaratitilinn í Þýskalandi á met tíma en í fimm bestu knattspyrnudeildum Evrópu er lítil sem engin spenna á toppnum.

**FÓTBOLTI** Nú þegar lokaspretturinn er fram undan í flestum sterkustu deildum Evrópuboltans ætti samkvæmt venju að vera spennandi titilbarátta fram undan hjá bestu félagsliðum álfunnar, að minnsta kosti í nokkrum af bestu deildunum. En í Englandi, Þýskalandi, á Spáni, Ítalíu og í Frakklandi er forysta toppliðanna svo afgerandi að það er nánast forgangsatriði að krýna meistarana í viðkomandi löndum.

Reyndar er þegar búið að gera það í Þýskalandi. Bayern München varð meistari í 23. sinn með 1-0 sigri á Eintracht Frankfurt um helgina. Liðið er með 20 stiga forystu á Dortmund þegar aðeins átján stig er eftir í pottinum.

### Bayern með hæsta sigurhlutfallið

Slíkir hafa yfirburður Bayern München verið núna í vetur að liðið er með betra markahlutfall en Barcelona á Spáni. Bayern er með 66 mörk í plús og hefur aðeins fengið á sig þrettán mörk í leikjunum 28. Bæjarar eru einnig með hæsta sigurhlutfall allra toppliðanna, eins og sjá má hér til hliðar.

Manchester United getur í kvöld nánast gulltryggt sér titilinn með því að vinna núverandi meistarar, grannliðið Manchester City. En þó svo að City ynni í kvöld væri erfitt að ímynda sér að United myndi henda frá sér tólf stiga forystu í síðustu sjö umferðunum.

Á Spáni er löngu ljóst að Barcelona verður meistari, þökk sé misjöfnu gengi Real Madrid í upphafi leiktíðar. Barcelona hefur „aðeins“ unnið sex af síðustu níu leikjum sínum í deildinni en nánast engar líkur eru á því að liðið láti meistaratitilinn renna sér úr greipum úr þessu.

### Milan-liðin í enduruppbyggingu

Aðeins meiri spenna er á Ítalíu og Frakklandi, þar sem forysta toppliðanna Juventus og PSG er innan við tíu stig. Sem stendur er þó fátt sem bendir til að liðin séu að slaka á klónni í sínum deildum.

Þessi lið eiga það sameiginlegt að vera í yfirburðastöðu hvað styrkleika leikmannahópsins varðar. PSG á moldríka eigendur sem hafa keypt marga góða leikmenn en Juventus hefur grætt á því að helstu erkifjendur liðsins, AC

### England

**Manchester United**  
77 stig eftir 30 leiki  
2,57 stig að meðaltali

15 stiga forysta á Manchester City – átta leikir eftir

### Spánn

**Barcelona**  
78 stig eftir 30 leiki  
2,60 stig að meðaltali

13 stiga forysta á Real Madrid – átta leikir eftir

### Ítalía

**Juventus**  
71 stig eftir 31 leik  
2,29 stig að meðaltali

9 stiga forysta á Napoli – sjö leikir eftir

### Þýskaland

**Bayern**  
75 stig eftir 28 leiki  
2,68 stig að meðaltali

20 stiga forysta á Dortmund – 6 leikir eftir

### Frakkland

**Paris SG**  
64 stig eftir 31 leik  
2,06 stig að meðaltali

7 stiga forysta á Marseille – 7 leikir eftir

Milan og Inter, hafa misst sterka leikmenn og eru að byggja upp ný lið – enda er Napoli helsti keppinautur Juve um titilinn þetta árið.

**Meiri spenna í Meistaradeildinni**  
Sem stendur er mesta óvissan og langmesta spennan í Meistaradeild Evrópu. Öll áður nefnd topplið, nema Manchester United, komust í fjórðungsúrslit keppinnar og útlit fyrir æsispennandi undanúrslitarimmur og úrslitaleik.

eirukur@frettabladid.is

frá kr. **39.900** 1. maí



**21**  
FYRIR

# Barcelona

Ótrúlegt tilboð – Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Barcelona 1. maí í 4 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verðdæmi fyrir gistingu:

Frá kr. **39.900**

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 1. maí. Netverð á mann.

Verð áður kr.79.800.

Kr. **34.900**

í tvíbýli á hótél Catalonia Atenas \*\*\*\* í 4 nætur.

Verð fyrir einbýli kr. 64.100

Kr. **49.900**

í tvíbýli á hótél Barcelona Plaza \*\*\*\* í 4 nætur.

Verð fyrir einbýli kr. 82.700





# ERT ÞÚ ALVEG MILLJÓN?

Við hjá 10-11 erum stolt af því að árlega versla rúmlega 5 milljónir viðskiptavina hjá okkur.

Við ætlum að verðlauna milljónasta hvern viðskiptavin okkar með veglegum gjöfum.

Við förum í milljón í apríl!



Milljónasti viðskiptavinurinn vinnur flug og gistingu fyrir tvo til London eða Kaupmannahafnar með WOW air...



...og glæsilega veislumatarkörfu að verðmæti 30.000 kr.

PIYON / SIA F1043540



Fljótlegt og þægilegt





## Á HVAD ERTU AÐ HORFA? OLGA BJÖRT ÞÓRÐARDÓTTIR, FJÖLMIÐLAKONA

**Sækir í fræðslugildið**  
Ég horfi fyrst og fremst á fréttir og fréttatengt efni. Svo koma fræðslumyndir um allt mögulegt; tækni, dýralíf, hlýnun jarðar og hvaðeina. Stundum horfi ég á þetta með dætrum mínum.

### RÚV OG STÖÐ 2



**1 Fréttir beggja aðalstöðva, RÚV og Stöðvar 2**  
Ég horfi á þær jöfnum höndum og get ekki gert upp á milli þeirra. Fréttir eru aðaláhugamálið mitt.

### RÚV



**2 Stephen Fry**  
Hann er svo fróður sjálfur og hefur svo gífurlega mikinn áhuga á viðmælendum sínum og viðfangsefnum. Það er svo heillandi.

### STÖÐ 2



**3 Ellen Hún**  
lyftir geðinu. Mér verður hlýtt í hjartanu og kemst í mikil stuð eftir að hafa hlustað á hana. Hún er svo hrikalega skemmtileg, jákvæð og gefandi.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Hringrás **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Hryggileg örlög orða **15.25** Fólki og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: The Band - The Band **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

## RÚV

- 15.30** Silfur Egils (e)
- 16.50** Landinn (e)
- 17.20** Sveitasæla
- 17.31** Spurt og sprellað
- 17.38** Töfrahnötturinn
- 17.51** Angelo ræður
- 17.59** Kapteinn Karl
- 18.12** Grettir
- 18.15** Tánmálsfréttir
- 18.25** Innlit til arkitekta (7:8) (Arki-tekens hjem) (e)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfréttir
- 19.35** Kastljós
- 20.05** Dýra líf – Saga af fil (4:5) (Planet Earth Live: An Elephant's Tale) Fræðslumyndaflokkur frá BBC. Fylgst er með ungum dýrum í villtri náttúrunni.
- 21.00** Löðrungurinn (6:8) (The Slap) Ástralskur myndaflokkur byggður á met-sölubók eftir Christos Tsiolkas um við-tækar afleiðingar sem einn löðrungur hefur á hóp fólks. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfréttir
- 22.20** Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið (Dögur) (Dögur) Andrea Ólafsdóttir situr fyrir svörum um stefnumál Dög-unar.
- 22.55** Glæpurinn III (8:10) (Forbryðelsen III) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.55** Kastljós (e)
- 00.20** Fréttir
- 00.30** Dagskrárlök

## STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (25:25)
- 08.30** Ellen (4:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (54:175)
- 10.15** Wipeout
- 11.05** Drop Dead Diva (10:13)
- 11.50** Hawthorne (5:10)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** America's Got Talent (11:32) (12:32)
- 15.10** ET Weekend
- 16.00** Barnatími Stöðvar 2
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (14:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (23:24)
- 19.40** New Girl (2:24) Samskipti Jess og karlmanna þriggja sem hún býr með eru vægast sagt skopleg.
- 20.05** Glee (13:22) Fjórða þáttaröðin um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghöf skólans og leggja allt í sölurnar til að gera flottar sýningar.
- 20.50** Suits 2 (1:16) Önnur þáttaröðin um hinn eiturnalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvisleg próf fyrir fólk gegn greiðslu.
- 21.35** Game of Thrones (2:10) Þriðja þáttaröðin um hið magnaða valdatafi og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konung-sæti, The Iron Throne.
- 22.25** Big Love (2:10) Fimmta serían um Bill Henrickson sem lifir svo sannarlega margföldu lífi.
- 23.25** Modern Family (17:24)
- 23.50** How I Met Your Mother (16:24)
- 00.20** Two and a Half Men (10:23)
- 00.45** The Killing (10:13)
- 01.30** The Fallen
- 03.25** Drop Dead Diva (10:13)
- 04.10** Glee (13:22)
- 04.55** Suits 2 (1:16)
- 05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 15.20** NBA: LA Clippers - LA Lakers
- 17.20** Spænski boltinn: Real Madrid - Levante
- 19.00** Snæfell - Stjarnan
- 21.00** Spænsku mörkin
- 21.30** Meistaradeild Evrópu: fréttar-þáttur
- 22.00** Veitt með vinum – Miðfjarðará
- 22.30** Dominos deildin: Snæfell - Stjarnan

## SPORT 2

- 07.00** Liverpool - West Ham
- 11.35** Tottenham - Everton
- 13.15** Norwich - Swansea
- 14.55** Watford - Cardiff
- 16.35** Sunnudagsmessan
- 17.50** Premier League Review Show 2012/13
- 18.45** Man. Utd. - Man. City BEINT
- 21.00** Premier League Review Show 2012/13
- 22.00** Football League Show 2012/13
- 22.30** Man. Utd. - Man. City
- 00.10** QPR - Wigan

## POP TV

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (17:22)
- 17.30** ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
- 18.15** Gossip Girl (15:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
- 19.00** Friends (15:25)
- 19.25** How I Met Your Mother (1:24)
- 19.50** Simpson-fjölskyldan (17:25)
- 20.10** Don't Tell the Bride (3:6) Breskir raunveruleikaþættir um pör í hjónabands-hugleiðingum sem fá 25.000 pund til þess að halda draumabrukkaupíð. Í hverjum þætti er fylgst með nýju pari en það er þó hængur á því parið verður að vera aðskilið í þrjár vikur eða fram að stóru stundinni. Brúðguminn þarf síðan að sjá um allan undirbúning, allt frá því að velja borðbúnað til brúðarkjól, brúðinni til mikillar mæðu.
- 21.05** FM 95BLÖ Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
- 21.30** The Lying Game (9:20) Dramatískir spennuþættir um einægga tvíbura-systur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urði gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni, þá fara dularfullir atburði að gerast.
- 22.15** The O.C. (16:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
- 23.00** Don't Tell the Bride (3:6)
- 23.55** FM 95BLÖ
- 00.20** The Lying Game (9:20)
- 01.05** The O.C. (16:25)
- 01.55** Tónlistarmyndbönd Popptíví

## SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Dr. Phil
- 08.45** Pepsi MAX tónlist
- 16.00** Kitchen Nightmares (13:13)
- 16.45** Judging Amy (7:24)
- 17.30** Dr. Phil
- 18.15** Top Gear USA (6:16)
- 19.05** America's Funniest Home Videos
- 19.30** Will & Grace (7:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá lögreglingnum Will og innanhússarkitektinum Grace.
- 19.55** Parks & Recreation (22:22) Bandarísk gamanseria með Amy Poehler í aðalhlutverki. Það er kjördagur í Pawnee og loks kemur í ljós hvort Leslie kemst í bæjarstjórn heimabæjarins eða ekki.
- 20.20** Parenthood (1:16) Þetta er þriðja þáttaröðin af Parenthood en þættirnir eru byggðir á samnefndri gamanmynd frá 1989. Ron Howard leikstýrði myndinni og er hann aðalframleiðandi þessarar þátta sem hlotið hafa mjög góða dóma hjá gagnrýnendum.
- 21.10** Hawaii Five-0 (7:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Havai í þessum vinsælu þáttum.
- 22.00** CSI (14:22) CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á Skjá einum. Ted Danson er í hlutverki Russels. Yfirmannsrannsóknardeildarinnar í Las Vegas.
- 22.50** CSI (23:23) Gamall og góður þáttur um rannsóknardeildina undir stjórn Gils Grissom.
- 23.30** Law & Order: Criminal Intent (6:8)
- 00.20** The Bachelorette (9:12)
- 01.50** Hawaii Five-0 (7:24)
- 02.40** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.10** Valero Texas Open 2013 (4:4) **12.10** Golfing World **13.00** Valero Texas Open 2013 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** Valero Texas Open 2013 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

## BIÓ

- 12.10** Four Last Songs
- 14.00** Unstable Fables
- 15.15** Temple Grandin
- 17.05** Four Last Songs
- 18.55** Unstable Fables
- 20.10** Temple Grandin
- 22.00** Ray
- 00.30** If I Had Known I Was a Genius
- 02.10** Witless Protection
- 03.45** Ray

**ÚTVARP FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útlit Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útlit Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útlit Boðun



Hlaðinn aukabúnaði  
Gott eintak

## Mercedes-Benz ML 500

Árgerð 2007, 303 hestafla bensínvél, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 102 þús. km.

Glertoppluga, leðuráklæði, litað gler, loftkæling, rafdrifin sæti með minni, handfrjáls búnaður, hiti í sætum, kastarar, Xenon aðalljós, þjófavörn, viðar- og leðurstýri, Harman Kardon hljóðkerfi o.fl.

Verð 5.990.000 kr.

Tilboðsverð 4.990.000 kr.

Afborgun 46.297 kr. á mánuði í 48 mánuði\*

\*M.v. 65% útborgun eða upptökubill að sambærilegu verðmæti og bilasamning ERGO í 48 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 12,6%.



Gæðabíll

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



# Verkjastillandi + bólgueyðandi

Veldur síður lyfjaáhrifum um  
allan líkamann eins og þegar  
töflur eru teknar inn



Nánari upplýsingar í næsta apóteki.

Gildir frá 1. apríl - 30. júní 2013

**Voltaren**

Fæst án lyfseðils



Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktívetílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ófnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsaklæða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ófnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Lagið First Hand Experience in Second Hand Love með Giorgio Moroder er gott, eiginlega er allt með Giorgio gott. Eða bara eitthvað gott með Morbid Angel.“

Arni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður.

## Sigraði í karóíkíkeppni háskólanna

Kristín Inga Jónsdóttir sigraði í karóíkíkeppni og í verðlaun hlaut hún ferð fyrir þrjá á Eurovision í Malmö.

„Ég hef ekki mikla reynslu af karóíkí en þetta var mjög gaman og ég verð grimm í karóíkíinu héðan í frá,“ segir Kristín Inga Jónsdóttir sem fór með sigur af hólmi í karóíkíkeppni háskólanna sem fram fór í Stúdentakjallaranum á fimmtudag. Hún söng lagið It's Raining Men og í verðlaun fær hún ferð fyrir þrjá á undankeppni Eurovision í Malmö þann 16. maí.

Kristín Inga kveðst spennt fyrir ferðinni til Svíþjóðar. „Ég var skiptinemi í Malmö á síðustu önn og það verður mjög gaman að skreppa aðeins „heim“ og hitta vinina. Ég tek tvær vinur með mér út og svo eru tveir vinir til viðbótar á leiðinni út á eigin vegum, þannig við verðum þarna nokkur,“ útskýrir hún.

Kristín Inga söng meðal annars í barnakór Kársnesskóla undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, var í gospelkór um stund og sigraði að auki í söngkeppni Samfés árið 2006. „Mér finnst mjög gaman að syngja. Ég er í háskólabandi núna og við komum fram á alls kyns háskólaviðburðum og erum stundum fengin til að koma fram á árshátíðum nemendafélanna. Þetta er mikið árstríðuband.“

Hún lýkur námi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands í vor og er nú í óðaðinn að leggja loka hönd á lokaritgerð sína. „Sem betur fer klára ég prófin snemma í ár þannig ég get skemmt mér áhyggjulaus úti í Malmö,“ segir hún að lokum.



SÖNGELSK Kristín Inga Jónsdóttir hlaut ferð fyrir þrjá á undankeppni Eurovision í Malmö í verðlaun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VIÐ VILJUM VITA

MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í  
EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI  
ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.

KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM  
SAMNINGINN.

J AISLAND.IS



## Geirfinnsmálið hefði getað eyðilagt ferilinn

Bubbi Morthens talaði opinskátt um Guðmundar- og Geirfinnsmálin í tónleikaferð árið 1983 en fékk slæm viðbrögð. Hann hefur nú samið lag um málin.

### Fékk magnaðar viðtökur á Ísafirði

Um páskana spilaði Bubbi í fyrsta sinn á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður, sem er nefnd eftir lagi hans af plötunni Dögun. Þegar hann spilaði lagið og söng línuna „Aldrei fór ég suður“ ætlaði þakið að rifna af húsinu. „Ég fékk alveg magnaðar viðtökur. Þetta unga fólk kunnir lögin mín og allir sungu með. Það var rosa stemning þrátt fyrir að ég væri að taka Rómeó og Júlíu á rafmagnsgítar í metalútgáfu. Ég fór með fjölskylduna með mér og það skemmtu sér allir konunglega. Ég borðaði á besta fiskveitingastað veraldar, sennilega, Tjörúhúsinu. Maður var ekki svikinn þarna,“ segir Bubbi.



BUBBI MORTHENS Bubbi gefur út Storminn í maí og er að taka upp nýja sjónvarpsþáttaröð, Beint úr messa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### → Brot út texta lagsins Stormurinn

Það var vetur og vindurinn kaldur  
Þá vantaði lík upp á borð  
Hún sagði enginn sleginn var kaldur  
Enginn dó, enginn framdi neitt morð

Klefaljósið höfðu logandi um nætur  
Muldu geðlyf í mat þessa manns  
sem var sagður hafa satans rætur  
Sagður afkvæmi andskotans

Héldu höfði hans oní fötu  
Af vatni urðu vitin full  
Fengu númer fengu nafn á götu  
Fengu frá honum allskonar bull

Myndir í möppu honum sýndu  
Sextán hausar hlið við hlið  
Á ljósmyndir lengi þeir rýndu  
Þrjá kannaðist kauði við

Saklausa menn settu í klefa  
sem vissu aldrei neitt  
sem grófu sér gryfjufylli af efa  
Getur verið að mann ég hafi deytt?

Titillagið á næstu plötu Bubba Morthens, Storminum, fjallar um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Það var áður fjórtán mínútur að lengd en Bubbi ákvað að stytta það niður í tíu. Erindin í textanum eru hvorki fleiri né færri en 28 talsins.

„Þetta lag hefur verið lengi í vinnslu hjá mér. Sævar [Cieselski] var ágætis kunningi minn, Tryggvi Rúnar [Leifsson] var vinur minn og ég hef þekkt Erlu Bolladóttur frá 1980,“ segir Bubbi sem minnst þess er hann talaði um þetta umdeilda mál á hringferð sinni um landið 1983 ásamt þáverandi hljóðmanni sínum, Péttri Gíslasyni Blöndal. „Það fór þannig að á nokkrum tónleikum stóðu menn upp, görguðu á mig og gengu út,“ segir hann. „Þannig var andrúmsloftið gagnvart þessu fólk í þjóðfélaginu. Við vorum að tala um að þetta væri réttarmorð en viðbrögðin voru það heiftarleg að við tókum þetta út af dagskrá. Við höldum að þetta gæti eyðilagt ferilinn. En þetta yfirgaf mig aldrei.“ Bubbi segist í mörg ár hafa gert atlögu að því að semja lag um málið en einhver veginn alltaf hrökklast undan. „Fyrir rúmu ári las ég öll málskjölin og þá hafði ég úthald til að klára þetta. Ég einblíni dálítið á sögu Erlu og Sævars en fer samt í grófum dráttum í gegnum allt málið.“

### Eitt lengsta lagið á ferlinum

Aðspurður telur Bubbi að Stormurinn sé eitt lengsta lag sem hann hefur samið. Fleiri lög á plötunni eru löng, eða sjö til átta mínútur. Liggur þér mikið á hjarta? „Já. Þú ræður því ekkert hvert listin fer með þig. Ég er ekki í músík til að vera á kjötmarkaðinum og ekki er ég í músík til að koma lögum á „hitt“-lista. Ég er í músík vegna þess að ég myndi deyja ef ég væri ekki að búa til músík,“ segir hann. „Þú byrjar á lagi og það dregur þig áfram. Allt í einu ertu kominn inn í einhverja veröld og heldur bara áfram,“ bætir hann við en tekur fram að stutt lög á borð við Allt var það krónunni að kenna séu líka á plötunni. „Þetta er mjög „primitív“ plata. Þarna er mikið um kassagítar og mandólin og líka kontrabassi og harmónika. Ég spila mikið á munnhörpu. Þetta er rótarplata, mjög bandarísk.“

### Sjónvarpsþættir í togurum

Auk þess að gefa út Storminn í maí ætlar Bubbi að fylgja eftir sjónvarpsþáttunum Beint frá býli með nýjum þáttum sem heita Beint úr messa og verða sýndir á Stöð 2 í haust. Þar verða tónlistaratriði flutt í togurum landsins og verða sex til átta þættir teknir upp.

„Mig langaði að taka hljómsveitir og setja þær í óvenjulegar aðstæður. Mig langaði að sýna landsmönnum hvað er á bak við allan þennan pening sem togararnir eru að koma með í land. Þarna

### Gylfi Ægis fór hamförum

Þá verða vistarverur togaranna einnig skoðaðar og tekin viðtöl við skipstjóra og eiginkonur háseta. Einn þáttur hefur verið tekinn upp þar sem Gylfi Ægisson tróð upp með Pöpunum fyrir áhöfn Birtings frá Neskaupstað. „Það var rosalega gaman og Gylfi fór hamförum.“ Bubbi ætlar sjálfur að spila fyrstu plötu sína Ísbjarnarblús um borð í togara Eimskips í einum þáttanna. Studmenn og Retro Stefson spila einnig um borð.

freyr@frettabladid.is

Á hraðleið inn í daginn

# Í bítíð

Heimir og Kolla

Virka daga kl. 6.50 – 9



BYLGJAN  
989

# WHIRLPOOL DAGAR

## 10-30% AFSLÁTTUR



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR  
ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR  
KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR

Whirlpool



#### Whirlpool AFG610MB

- 105 lítra frystikista
- 7,5kg frystigeta á 24 klst.
- Hraðfrysting
- Orkunýtingu B
- 1 karfa fylgir.
- Mál (hxbxd): 85x53x58sm

**TILBOÐ**

**39.995**

FULLT VERÐ 49.995



#### Whirlpool AWOD8214

- 1400 snúninga þvottavél
- 6th Sense og 56L tromla
- Tekur 8 kg af þurrum þvotti
- 15 þvottakerfi og hraðkerfi
- Þvott hæfni A
- Orkuflokkur A++
- Vinduhæfni B
- Mál (HxBxD): 59,5x85x60 sm

**TILBOÐ**

**99.995**

FULLT VERÐ 129.995



#### UNDIRBORÐS - OFN OG KERAMIK HELLUBORÐ SAMAN

#### Whirlpool AKP455IX

- 60L bakarofn - undirborðs -stál
- Actual Line Multifunction 5 blástursofn
- Rofar fyrir helluborð
- Undir- og yfirhiti og Grill
- Köld hurð
- Orkuflokkur A
- Innbyggingarmál (hxbxd): 56x60x55sm
- Passar við AKT108 helluborð

#### Whirlpool AKT108

- Keramik helluborð fyrir AKP455
- 4 keramik hellur og stál kantur
- 1x2100w Hella 21 sm
- 1x1700w Hella 18 sm
- 2x1200w Hellur 14,5 sm
- Mál (bxbxd): 59x3,5x51sm

**TILBOÐ**

**119.995**

FULLT VERÐ 163.995



Heimplistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Borgarstjórinn sá Blam!

Dans- og leiksýningin Blam! í Borgar-leikhúsinu hefur fengið mjög góðar viðtökur síðan hún var frumsýnd á dögunum. Margir góðir gestir voru í áhorfendasalnum á laugardagskvöld, þar á meðal borgarstjórinn Jón Gnarr sem mætti ásamt syni sínum og nafna, leikarinn Sveinn Geirsson og einnig Ragnar Ísleifur Bragason, starfsmaður Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar.



Lófaklappinu ætlaði aldrei að ljúka í lok sýningarinnar og ljóst að Kristján Ingimarsson, maðurinn á bak við hana, er að slá í gegn með sýninguna rétt eins og hann hefur gert í Danmörku.


#### Pórunn lenti í svindli

Eitthvað hefur verið um að óprúttu-ir aðilar auglýsi íbúðir til leigu sem þeir eiga ekki og ætli sér þannig að svíkja peninga út úr fólki. Oftast eru þetta manneskjur sem segjast vera búsettar erlendis og geti því ekki sýnt íbúðina og fái þess í stað alþjóðlegt hraðflutningsfyrirtæki til að hafa milligöngu um leiguna. Söngkonan Pórunn Antonía segist á Facebook-síðu sinni hafa lent í slíku svindli. Hún hélt að hún hefði fundið hina fullkomnu íbúð í miðbæ Reykjavíkur eftir langa leit en komist að því að um svindl var að ræða. Það sem hringdi við-vörunarbjöllum hjá henni var að maðurinn sagðist vera grafískur hönnuður en netfangið hans var í gegnum hotmail. - fb



#### Mest lesið **vísir**

- 1 Svona segist Sigmundur Davíð ætla að uppfylla kosningaloforðið
- 2 Banaslys við Hvalfjarðargöngin
- 3 Ætli það endi ekki með því að leikmenn mæta með sinn bolta
- 4 Nafn stúlkunnar sem lést
- 5 Falleg stund á íþróttavelli - fékk drauminn uppfylltan
- 6 Hún var stórkostleg hún mamma
- 7 Setti í vitlausan gir



# rekkjan

## SÆNGURFATA ÚTSALA!

## SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



## MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA LÖKUM FRÁ ROYAL TEXTILE Á 50% AFSLÆTTI OG EBERLE TENCEL Á 40% AFSLÆTTI



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!  
**CACHE EURO**  
Queen Size (153x203 cm.)  
Fullt verð 218.453 kr.  
**NÚ 128.887 kr.**  
40% AFSLÁTTUR!

ADEINS **6** RÚM



## 50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

## 40-50% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM



# rekkjan

H E I L S U R Ú M